


S 9000 A3+ Isafjarðarprentari (USB)



Canon

Bókhladan

Canon



= 10 hlýja karti að fyrri hvern 10 • 10 bla. á mín. í au/fer • 10 bla. á mín. í lit • 1000x1000 dpi upplausn • 1000 • 4 vinn. flú. að myndr. Arkitektúr fyrir 1000 bla. • Fullt hlífing
• Hugbúnaður: Windows 95/98/NT/2000/XP
• Netverk/Professional • Mac OS 8.5 Mac OS 9.0

Verð kr. 24.800 m/vsk

Bæjarinn besta

ÓRÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Miðvikudagur 23. október 2002 • 43. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefvang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Stefnir í algert óefni hjá Heilbrigðisstofnuninni í Ísafjarðarbæ

Fjórir af sex heilsugæslulæknum að hætta og engir fást í staðinn

Fjórir af sex læknum á heilsugæsluviði Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ hætta á næstunni og enginn fæst í staðinn.

Hallgrímur Kjartansson yfirlæknir hefur sagt starfi sínu lausu og hættir í lok næsta mánaðar. Um sama leyti lætur Guðni Á. Sigurðsson á Ísafirði af störfum fyrir aldurs sakir, Kristín Theodóra Hreinsdóttir á Þingeyri fer í barnsburðarleyfi og Andri Konráðsson á Ísafirði hverfur á braut til sérnáms. Í desember verða þá aðeins eftir þeir Lýður Árnason á Flateyri og Ólafur Sigmondsson á Ísafirði.

Hallgrímur Kjartansson segir ástæðuna fyrir uppsögn sinni vera óánægju með misræmi á kjörum og starfsumhverfi heilsugæslulækna og annarra lækna og segir úrskurð Kjaranefndar í fyrri viku

síður en svo breyta þar neinu. Hallgrímur hyggst þó ekki flytjast búferlum frá Ísafirði að sinni að minnsta kosti, enda þótt hann láti af starfi.

„Ég get ekki fullyrt á þessari stundu hvað ég geri. Vandinn

er ekki stærstur fyrir okkur lækna, heldur er þetta fyrst og fremst vandi heilbrigðis- yfirvalda í landinu og ástandið bitnar verst á þeim sem þurfa á þjónustunni að halda hér á svæðinu – sjúklingunum. Eins

og staðan er nú eru atvinnu- möguleikar mjög góðir fyrir þá fáu heimilislækna sem eftir eru, bæði við afleysingar um land allt og við störf erlendis, þar sem hreinlega er slegist um sérfræðinga í heimilis-

lækningum. Ég sé það alveg fyrir mér að geta búið áfram hér á Ísafirði en stundað læk- nisstörf annars staðar, svo ein- kennilega sem það kann að hljóma“, segir Hallgrímur.

Sjá nánar á bls. 3.



Óeigingirni og heilbrigður keppnisandi heilluðu

– sjá viðtal í miðopnu við Jens Magnússon, formann Skotíþróttafélags Ísafjarðarbæjar

Tvíbytnan Ísafold á Ísafirði loksins seld

Fer til Karíbahafsins

Tvíbytnan Ísafold, sem legið hefur óhreyfð í Ísa- fjarðarhöfn svo mánuðum skiptir, hefur nú loks verið seld. Jóna Kristín Kristins- dóttir, útgerðarkona á Suð- urreyri, skrifaði í síðustu viku undir sölusamning sem hljóðar upp á 215.000 evrur

eða jafngildi um 18,6 milljóna króna. Kaupandinn er frá eyju í Karíbahafi og afhendingar- tími ferjunnar er 30. október. Jóna þurfti í sumar að leysa skipið til sín fyrir 20 milljónir króna, en hún var einn þriggja ábyrgðarmanna hins gjald- þrota fyrirtækis Ferjusiglinga.

„Í það heila tapa ég um 10 milljónum á þessu, en ég þurfti að taka á mig allar ábyrgðir gagnvart Landsbank- anum. Það er svo spurning hvað ég get sótt á hina ábyrgð- armennina“, segir Jóna. Fram kemur í kaupsamningi að ferjan er seld eins og hún er



Tvíbytnan Ísafold í Ísafjarðarhöfn.

og þar sem hún er. Það er því hvernig hún verður flutt síðan kaupandans að ráða úr til nýrra heimkynna.

SAMKAUP!
Skipting og þjónusta

OPÍÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

SAMKAUP!
Skipting og þjónusta

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi



www.eimskip.is • Sími 456 5500

www.flytjandi.is • Sími 456 5500

Útgefandi:

H-press ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamaður:

Hálfadán Bjarki Hálfadánsson
sími 863 7655,
halfdan@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
blm@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Fréttavefur: www.bb.is

Önnur útgáfa:

Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**

Nikólína Þorvaldsdóttir,
Hjallastræti 38, sími 456
7441. **Súðavík:** Linda Rút

Ásgeirsdóttir, Arnarflöt 9,
sími 586 2192. **Suðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 891
7738. **Flateyri:** Gunnhildur

Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.

Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Söluastaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**

Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.

Bensínstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krillíð,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 200
eintakið m.vsk. Áskriftaverð
er kr. 170 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

Vestfirskt atvinnuleikhús að veruleika í fyrsta sinn

Frumsóyna einleik byggðan á ævi Muggs

Kómedíuleikhúsið frumsýnir annað kvöld, fimmtudagskvöld, í Baldurshaga á Bíldudal einleik byggðan á ævi listmálarans Muggs. Þar með er vestfirskt atvinnuleikhús orðið að veruleika í fyrsta sinn, hið eina utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar. Í kjölfar frumsýningarinnar verða tvær sýningar á verkinu í tónlistarsalnum Hömrum á Ísafirði, sunnudaginn 27. október og miðvikudaginn 30. október. Í nóvember verður verið síðan sýnt á nýja sviði Borgarleikhússins.

Elfar Logi Hannesson fer með hlutverk Muggs sjálfs í sýningunni en auk þess leikur hann sextán aðrar persónur á öllum aldri og af báðum kynjum. Leikmynd og búninga gerir Rebekka A. Ingimundardóttir, ljósahönnun er í höndum Jóhanns Bjarna Pálmasonar, kvikmynd sem notuð er í verkinu gerir Ragnar Bragason, tónlist er eftir Kristín J. Niélsson og fleiri og leikstjóri er Vigdís Jakobsdóttir, sem einnig er handritshöfundur ásamt Elfari Loga.



Vigdís Jakobsdóttir.

Val á frumsýningarstað er engin tilviljun. Bíldudalur er fæðingarstaður Muggs, og reyndar einnig leikarans sem leikur hann. Sýningin er gamall draumur Elfars Loga Hannessonar sem nú er loks að rætast eftir Elfar hlaut styrk frá menntamálaráðuneyti og ýmsum fleirum, meðal annars fyrirtækjum á Vestfjörðum. Aðstandendur sýningarinnar hafa dvalist á Bíldudal að undanfögnu við æfingar og annan

undirbúning, og hafa meðal annars látið smíða leikmyndina á verkstæði á staðnum.

Að sögn Vigdísar Jakobsdóttur leikstjóra hafa Bílddælingar tekið vel á móti listamönnum sem dvalið hafa í bænum að undanfögnu.

„Krakkarnir í þorpínu eru til dæmis mjög áhugasamir um það sem við erum að gera og kíkja reglulega inn í félagsheimili til okkar. Þá virðist það vera sama hvað vantar eða hvað þarf að gera, hér eru alltaf allir tilbúnir að rétta hjálparhönd“, segir Vigdís.

Leiksýningin um Mugg er ekki heimildasýning í beinum skilningi. Þar fer til dæmis lítið fyrir ártölum og staðreyndatalningum, heldur bregða höfundar upp mynd af Muggi eins og hann kemur þeim fyrir sjónir sem persóna. „Við tökum okkur nokkurt skáldaleyfi og leikum okkur töluvert að aðstæðum. Þetta hefur verið frjóg og skemmtileg vinna og við vonum að vestfirskum áhorfendum líki af raksturinn. Til þess er leikurinn gerður“, segir leikstjórinn.



Mólholt 5 á Ísafirði.

Embættisbústaður skólameistara MÍ

Fimm eignir komu til álita

Fimm húseignir á Ísafirði komu til greina þegar kaup á embættisbústað fyrir skólameistara Menntaskólans á Ísafirði voru ákveðin. Miklu fleiri hús voru þó boðin fram þegar auglýst var. Eins og fram hefur komið varð niðurstaðan sú að kaupa húseignina Mólholt 5 í Holtahverfi á Ísafirði.

Aðrar eignir sem til álita komu hjá fulltrúum fjármálaráðuneytis, Framkvæmda-
sýslu ríkisins og Fasteigna ríkissjóðs voru Seljaland 9, Kjarrholt 2, Sunnholt 6 og Miðtún 23. Þrátt fyrir að tvær síðastnefndu eignirnar hafi þótt álitlegar voru þær talsvert yfir þeim stærðarmörkum sem miðað er við þegar keyptir eru embættisbústaðir á vegum

ríkissjóðs. Niðurstöður um álittegar eignir byggðust á tæknilegri skoðun þeirra en ekki var tekin afstaða til kaupverðs.

Kaupverð húseignarinnar að Mólholti 5 er 12.150.000 kr. Þar af er hlutur Ísafjarðarbæjar 31,2% eða kr. 3.790.800, Bolungarvíkurkaupstaðar 7,2% eða kr. 874.800 og Súðavíkurhrepps 1,6% eða kr. 194.400. Samtals er því 40% hlutur sveitarfélaganna þriggja kr. 4.860.000 en 60% hlutur ríkissjóðs kr. 7.290.000.

Uppsett verð á húseigninni að Mólholti 5 var 13 milljónir króna. Niðurstaða þeirra sem skoðuðu eignirnar fyrir hönd ríkissjóðs var sú, að Mólholt 5 væri vænlegasti kosturinn.

Bændur í Djúpi grípa til sinna ráða

Hleypha lofti úr dekkjum hjá rjúpnaskyttum

Bændur við Ísafjarðardjúp eru farnir að grípa til „einkaráðstafana“ gegn rjúpnaveidimönnum sem aka utan vega og fara skjótandi um landareignir þeirra og heiðalönd án leyfis. Meðal annars hleypha þeir lofti úr dekkjum á bílum sem skyttur hafa ekið utan vega eða vegslóða og

skilið eftir þegar haldið er á veiðar. Á sunnudag fór rjúpnaskyttu frá Ísafirði á akandi upp veginn að Blævardalsárvegi og yfir stífluna við uppistöðulónið og inn á ósnortið land og skildi bílinn þar eftir. Þegar skyttan kom til baka var búið að hleypha úr öllum dekkjum. Sama hefur gerst á Steinadalshéiði og víðar.

Samkvæmt heimildum blaðsins hyggjast bændur ekki láta hér staðar numið í aðgerðum sínum. Það mun vera staðfastur ásetningur þeirra að láta menn hugsa sig um tvisvar áður en þeir koma aftur á þessar slóðir til aksturs utan vega og óleyfilegra rjúpnaveiða.



Ísfirðingarnir Bjarni Kristinn Guðjónsson, ellefu ára, og Einar Ægir Hlynsson, þrettán ára, unnu til aukaverðlauna í sögu- og ljóðakeppni barnblaðsins Æskunnar. Fengu þeir bækur og geisladiska fyrir sitt framlag til keppninnar. Alls tóku um eitt þúsund börn og unglingar þátt í keppninni að þessu sinni og hlutu 20 þeirra aðalverðlaun auk þess sem álika fjöldi vann til aukaverðlauna.

bb.is
púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Heilsugæslan þolir enga bið

Fjórir af sex læknum á heilsugæslusviði Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar láta af störfum á næstunni, þar á meðal yfirlæknirinn, Hallgrímur Kjartansson, sem hefur sagt starfi sínu lausu.

Af fréttum undanfarna daga er ljóst að niðurstaða Kjaranefndar í launamálum heimilislækna hjó ekki á hnúttinn í deilu þeirra og heilbrigðis yfirvalda. „Við heimilislæknar höfum um árabíl barist nær árangurslaust fyrir réttindum og kjörum okkar. Lykilatriði í baráttu okkar hefur verið samræming á kerfi sjúkrahúslækna og heimilislækna varðandi starfsréttindi og starfsmhverfi. Niðurstaða Kjaranefndar gerir það að mínu áliti ennþá fjarlægara að þetta mál leysist. Kjaranefndin samræmir laun heimilislækna og sjúkrahúslækna að mestu leyti en aðrir þættir í kjörum okkar hafa jafnvel farið á enn verri veg en var fyrir“, segir Hallgrímur Kjartansson, yfirlæknir.

BB tekur ekki afstöðu í þessari deilu. Af eftirfarandi orðum yfirlæknisins má þó ætla að ekki sé allt sem skyldi: „Ég sé það alveg fyrir mér að geta búið áfram hér á Ísafirði en stundað læknisstörf annars staðar, svo einkennilega sem það kann að hljóma. Jafnvel væri hagkvæmara fyrir mig að hætta hér og stunda eingöngu afleysingar öðru hverju annars staðar.“

Með hverju árinu sem líður kallar heilbrigðiskerfið á meiri peninga. Samhliða aukast

erfiðleikar innan kerfisins. Hvað veldur þessu öfugstreymi? Er von nema spurt sé: Hvert fara peningarnir? Er málum virkilega þannig háttað að launum samkvæmt samningi sé haldið niðri en yfirvinna og afleysingar leiki lausum halda og greiðist möglunarlaust? Fylgja afleysingunum kannski hlunnindi, sem læknar í föstu starfi fá ekki? Hvernig ber að skilja orð yfirlæknisins um ávinning af því að stunda afleysingar í stað þess að vera í föstu starfi? Er yfirvöld að fordæsti eitthvað á yfirborðinu? Hugsanlega „fordæmi“ gagnvart öðrum stéttum?

Brottför heilsugæslulækna hér skapar meiri vandkvæði en víða annars staðar vegna þess hversu stór þáttur störf þeirra í rekstri sjúkrahússins á Ísafirði eru. Vestfirðingar horfast því í augu við mikinn vanda ef fer sem horfir í læknadeilunni. „Við förum fram á að kerfin verði samræmd og aðeins verði eitt kerfi fyrir lækna. Þá er þetta vandamál úr sögunni og þá fáum við aftur fólk í heimilislækningar. Þetta þverskallast heilbrigðis yfirvöld við að viðurkenna og þess vegna er staðan óbreytt, hvað sem úrskurði Kjaranefndar líður.“

Hvað sem þessum orðum yfirlæknisins líður er eitt á hreinu: Þessa deilu verður að leysa strax. Heilsugæslan þolir ekki þá bið, sem uppstokkun og endurskoðun annarra þátta heilbrigðiskerfisins útheimtir.

s.h.

Fjórir af sex heilsugæslulæknum hætta á næstunni

– engir læknar fást í staðinn og stefnir í algert ófremdarástand

Í algert óefni stefnir á næstunni vegna læknskorts á heilsugæslusviði Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ. Af sex heilsugæslulæknum hjá stofnuninni eru nú fjórir á Ísafirði, einn á Flateyri og einn á Þingeyri. Heilsugæslustöðvunum í Súðavík og á Suðureyri hefur verið sinnt frá Ísafirði. Fjórir af þessum sex læknum hætta á næstunni og enginn fæst í staðinn. Hallgrímur Kjartansson á Ísafirði, yfirlæknir heilsugæslusviðs, hefur sagt starfi sínu lausu og hættr í lok næsta mánaðar. Um sama leyti lætur Guðni Á. Sigurðsson á Ísafirði af störfum fyrir aldurs sakir, Kristín Theodóra Hreinsdóttir á Þingeyri fer í barnsburðarleyfi og Andri Konráðsson á Ísafirði hverfur á braut til sérnáms í skurðlækningum. Í desembermánuði verða þá aðeins eftir þeir Lýður Árnason læknir á Flateyri og Ólafur Sigmundsson læknir á Ísafirði.

Ætlar ekki að flytjast frá Ísafirði

Hallgrímur Kjartansson yfirlæknir segir ástæðuna fyrir uppsögn sinni vera óánægju

með það misræmi sem er á kjörum og starfsumhverfi heilsugæslulækna, einkum þeirra sérfræðinga í heimilislækningum sem starfa innan heilsugæslunnar, og annarra lækna í landinu. Hann segir úrskurð Kjaranefndar í málefnum heilsugæslulækna í síðustu viku síður en svo breyta þar neinu um. Hallgrímur hyggst þó ekki flytjast búferlum frá Ísafirði að sinni að minnsta kosti, enda þótt hann láti af starfi.

„Ég get ekki fullyrt á þessari stundu hvað ég geri. Vandinn er ekki stærstur fyrir okkur lækna, heldur er þetta fyrst og fremst vandi heilbrigðisyrivalda í landinu og ástandið bitnar verst á þeim sem þurfa á þjónustunni að halda hér á svæðinu – sjúklingunum. Eins og staðan er nú eru atvinnumöguleikar mjög góðir fyrir þá fáu heimilislækna sem eftir eru, bæði við afleysingar um land allt og við störf erlendis, þar sem hreinlega er slegist um sérfræðinga í heimilislækningum. Ég sé það alveg fyrir mér að geta búið áfram hér á Ísafirði en stundað læknaísstörf annars staðar, svo einkennilega sem það kann að hljóma. Jafnvel væri hag-

kvæmara fyrir mig að hætta hér og stunda eingöngu afleysingar öðru hverju annars staðar.“

Niðurstaða Kjaranefndar gerir málið enn verra

„Við heimilislækna höfum um árabil barist nær árangurslaust fyrir réttindum og kjörum okkar. Lykilatriði í baráttu okkar hefur verið samræming á kerfi sjúkrahúslækna og heimilislækna varðandi starfsréttindi og starfsumhverfi. Niðurstaða Kjaranefndar gerir það að mínu áliti ennþá fjarlægara að þetta mál leysist. Kjaranefndin samræmir laun heimilislækna og sjúkrahúslækna að mestu leyti en aðrir þættir í kjörum okkar hafa jafnvel farið á enn verri veg en var fyrir“, segir Hallgrímur.

„Meginatriði í kröfum okkar er jafnræði og sambærilegt starfsumhverfi við aðra sérfræðimenntaða lækna. Við höfum aðeins haft einn valmöguleika sem launamenn. Starfssystkin okkar hafa haft aðra valmöguleika og hafa getað unnið sjálfstætt jafnframt því að vera starfsmenn

ríkisins. Þetta hefur leitt til þess að ungir læknar hafa ekki viljað fara í sérfræðináms í heimilislækningum, jafnvel þótt þeir hafi haft hug á því starfi. Vegna þessa mismunar á kjörum hefur nýliðun í stétt heimilislækna nánast ekki verið nein síðustu tólf árin. Auk þess hafa fjölmargir sérfræðingar í heimilislækningum horfið til annarra starfa. Margir þeirra starfa nú á sjúkrahúsum hérlendis eða við heimilislækningar erlendis. Vegna þessa skorts á nýliðun í greininni og vegna atgervisflóttans úr henni erum við nú komin að mörkum þess að heilsugæslan í landinu geti hreinlega starfað vegna manneklu.“

Mjög slæmar horfur á norðanverðum Vestfjörðum

„Útlitið hér á norðanverðum Vestfjörðum er mjög slæmt“, segir Hallgrímur, „jafnvel enn verra en á nokkrum öðrum stöðum á landinu. Fyrir því eru áður nefndar ástæður en einnig það, að aðstæðurnar á Ísafirði eru að mörgu leyti sérstæðar. Hér er tiltölulega afskekkt, en stórt



Hallgrímur Kjartansson, yfirlæknir.

og fjölþætt sjúkrahús sem hvílir á herðum heilsugæslulækna hér að mjög miklu leyti. Þeir vinna stóran hluta af læknaísstörfum sínum fyrir sjúkrahúsið, auk hinna almennu heilsugæslustarfa, og vaktabyrðin er tvöföld miðað við marga aðra staði. Meðal annars þetta hefur valdið því að heimilislækna hafa síður viljað vinna hér en víða annars staðar. Þetta kemur til viðbótar þeim vandræðum sem almennt hafa orðið vegna kjaramálanna og ég nefndi hér að framan.

Sem yfirlæknir er ég búinn að reyna eins og ég hef getað að fá hingað lækna og tel mig hafa þokkalega góð sambönd. Þetta hefur hins vegar gengið mjög illa. Það eru hreinlega ekki neinir læknar til á markaðnum, ef svo má að orði komast. Núna erum við búnir að auglýsa margsinnis í röð án þess að fá nokkur viðbrögð, ekki eitt einasta símtal.“

Vandamálið að vera með tvö kerfi



öðru einstaklega vel sem samstarfsaðilar“, segir Hörður.

Þegar er búið að ákveða fyrsta sameiginlega þróunarverkefni félaganna þar sem þau skipta hlutverkum sín í milli. Póls annast þróun hugbúnaðar, vogartækni og raf-eindabúnaðar á meðan Fiskvélar annast þróun vélbúnaðar og framleiðsluáðferða. „Fiskvélar hafa tekið að sér verkefni á sviði endurhönnunar vélbúnaðar fyrir Póls sem snýr að endurbótum núverandi búnaðar, þannig að hagkvæmari framleiðsluáðferðum verði beitt jafnframt því að auka

„Vandamálið er einfaldlega að vera með þessu tvö kerfi í heilbrigðisþjónustunni, annað fyrir sérfræðilækna og hitt fyrir heimilislækna. Þegar um tvö kerfi er að ræða, þá er gjarnan annað kerfið betra en hitt. Ungir læknar eru metnaðarfullir og þetta hefur valdið því, að þeir fara ekki í framhaldsnám í heimilislækningum, þó að þar vanti frekar lækna, heldur fara þeir í aðrar sérgreinar. Þetta er ástæðan fyrir því mikla ójafnvægi sem orðið er.

Við heimilislækna erum í raun og veru ekki í launabaráttu heldur réttindabaráttu. Við förum fram á að kerfin verði samræmd og aðeins verði eitt kerfi fyrir lækna. Þá er þetta vandamálið úr sögunni og þá fáum við aftur fólk í heimilislækningar. Þetta þverskallast heilbrigðisyrivöld við að viðurkenna og þess vegna er staðan óbreytt, hvað sem úrskurði Kjaranefndar líður“, segir Hallgrímur Kjartansson, yfirlæknir heilsugæslusviðs Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar um yfirvofandi læknskort

„Forgangsverkefni stjórnvalda að leysa vandann“

Yfirvofandi læknskortur var ræddur á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í síðustu viku. Eftirfarandi samþykkt var gerð með atkvæðum allra bæjarfulltrúa: „Bæjarstjórn Ísafjarðar-

bæjar vekur athygli heilbrigðisráðherra og stjórnvalda á þeirri alvarlegu stöðu sem virðist vera að koma upp í læknamálum við Heilbrigðisstofnunina í Ísafjarðarbæ. Samkvæmt nýjustu fréttum

eru fjórir af sex heilsugæslulæknum að hætta eða á leið í leyfi og ekki er útlit fyrir ráðningu í þeirra stað.

Einn mikilvægasti þáttur góðra búsetuskilyrða er öflug heilsugæsla og sjúkrapjón-

usta. Því lítur bæjarstjórn málið mjög alvarlegum augum og telur það forgangsverkefni stjórnvalda að leysa þann vanda sem virðist stöðja að heilbrigðisþjónustu í Ísafjarðarbæ.“

Náið samstarf tekið upp milli Póls hf. og Fiskvéla

Fyrirtækin hyggjast nýta sér styrkleika hvors annars

Fyrirtækin Póls hf. á Ísafirði og Fiskvélar í Garðabæ hafa tekið upp náið samstarf varðandi þróun, framleiðslu og markaðssetningu tækja og búnaðar fyrir fiskiðnað. Sameiginlega veltu þessi tvö fyrirtæki 420 milljónum króna á síðasta ári og segir Hörður

Ingólfsson, stjórnarformaður Póls, að gera megi ráð fyrir umtalsverðri veltuaukningu á þessu ári og þeim næstu. „Eigendur og stjórnendur fyrirtækjanna hafa á undanföllum mánuðum átt í viðræðum um samstarf milli fyrirtækjanna. Niðurstaðan er sú að nú er

formlegur samstarfssamningur þessara tveggja fyrirtækja undirritaður“, segir Hörður.

„Grundvöllur samstarfsins er að fyrirtækin nýta sér styrkleika hvors annars á ólíkum sviðum. Fiskvélar leggja til samstarfsins víðtæka þekkingu á sviði þróunar og fram-

leiðslu vélbúnaðar á meðan Póls leggur til þekkingu og reynslu af markaðssetningu og sölu tækjabúnaðar á erlendri grundu, auk sérþekkingar á þróun tölvuvoga og tækjabúnaðar fyrir fiskiðnað. Það er trú forráðamanna fyrirtækjanna að þau henti hvort

gæði vörunnar“, segir Hörður.

„Póls mun annast uppbyggingu markaðs- og sölustarfs fyrir Fiskvélar erlendis. Saman munu fyrirtækin nýta sér tengsl og þekkingu Póls á erlendum mörkuðum fyrir vélar og búnað fyrir fiskiðnað, en Póls hefur selt tæki og vélar til yfir 50 landa undanfarin tíu ár. Fyrirtækin hafa þegar hafið samstarf um framleiðslu vélbúnaðar, þar sem Fiskvélar annast framleiðslu á flokkunarböndum fyrir Póls“, segir Hörður Ingólfsson, stjórnarformaður Póls hf. á Ísafirði.

Músasafni komið á laggirnar

Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík, hefur komið þar upp músasafni. Í safninu eru fjórar venjulegar hagmýs úr Svefneyjum á Breiðafirði, einn hvítungi sem ættaður er frá Hanhóli í Bolungarvík og þrjár húsamýs úr hesthúsabyggðinni í Bolungarvík.

„Tilgangur þessarar músabyggðar er tvíþættur. Annars vegar er ég að athuga hvort hægt sé að hafa lifandi mýs í búakerfi sem þessu, og er þá að hugsa það sem framtíðarviðbót við náttúrugripasafnið. Ég er að skoða hvernig best sé að setja búakerfið upp til að halda því hreinu og líkja sem best eftir náttúrulegu umhverfi músanna. Það væri gaman að auka lífið á safninu, sérstaklega fyrir yngri safngesti, með lifandi músum“, segir Þorleifur.


„Í annan stað er ég að skoða atferli hagamúsanna, læra hvernig hægt er að aðlaga þær nýjum aðstæðum og gera þær stresslausar“, segir Þorleifur Eiríksson.



Þorleifur Eiríksson við búakerfið.



Farið var mjúkum höndum um hvítungjann.



Tveir húsamúsaungar láta fara vel um sig í búrinu.



Litlibær í Skötufirði hefur tekið stakkaskiptum frá því sem áður var.

Litlibær í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi endurbyggður

Hátt í þúsund gestir í sumar

Á áttunda hundrað gesta skrifuðu í gestabók Litlabæjar í Skötufirði í sumar. Kristján Kristjánsson, bóndi á Hvítanesi, sem haft hefur eftirlit með gestakomum í húsíð, segist auk þess vita að nokkur fjöldi hafi skoðað

húsíð en ekki skrifað í gestabókina. „Flestir koma bara við og skoða húsíð að utan og skrifa í gestabók sem þar liggur. Stundum kom þó fólk og bað um leiðsögn um húsíð og var sjálfsgagt að verða við því. Ef einhvern langar að skoða

húsíð undir leiðsögn aðstoða ég við það, ef ég hef tíma“, segir Kristján.

Töluverð vinna hefur verið lögð í endurbætur á húsínu í sumar en viðgerðum utanhúss verður lokið fyrir veturinn. „Síðan er stefnt að því að klára

húsíð að innan næsta sumar“, segir Kristján. Guðmundur Óli Kristinsson, smiður frá Dröngum hefur unnið að viðgerðunum fyrir Þjóðminjasafn Íslands, en Litlibær er hluti af húsasafni Þjóðminjasafnsins.



Hafnarstarfsmenn og slökkviliðsmenn komu mengunarvarnargirðingu fyrir.

Bensínleki í Ísafjarðarhöfn

Mengunarvarnargirðing sett í höfnina

Leki kom í síðustu viku að bensínleidslu í Ísafjarðarhöfn, í kverkinni þar sem Djúpbáturinn Fagranes lá jafnan. Bensínleidsla sem þar liggur er notuð til að flytja eldsneyti af birgðaskipum yfir á tanka við Aðalstræti.

„Okkur grunaði að leki væri kominn þegar við fundum einhverja lykt. Við gátum ekki staðsett hana í fyrstu en á fjör-

unni sáum við nokkurn veginn hvaðan þetta kom“, segir Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Til að varna því að bensínið dreifðist um höfnina var mengunarvarnargirðing sett upp, en óþarfi þótti að nota dælur þar sem bensín gufar mjög fljótt upp. Leiðslan var síðan þrýstiprófuð til að finna hvar lekinn var.

Staðar verður numið við stofnun kaupstaðarins árið 1974

Jón Þ. Þór sagnfræðingur kom í síðustu viku í stutta heimsókn til Bolungarvíkur en hann vinnur nú að því að rita sögu byggðarlagsins. „Ég er mjög ánægður með þessi söguritun skuli hafa byrjað á þessu ári eins og lengi hefur staðið til“, segir Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri. „Bæjarstjórn gerði samning við Jón Þ. Þór um að hann myndi rit-

stýra þessu verki sem verður í tveimur bindum. Í fyrra bindinu verður fjallað um tímarnir frá landnámi og til loka árabátatímabilsins en síðara bindið nær frá upphafi vélbátaaldar fyrir réttum hundráð árum og fram til 1974, þegar Hólshreppur varð Bolungarvíkurkaupstaður. Við töldum ekki rétt að fara nær nútímanum í þessu verki“, segir Ólaf-

ur.

„Hvað varðar síðara bindið munum við nýta þekkingu fólks sem þekkir vel til hér heima fyrir. Sparisjóður Bolungarvíkur og Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur munu leggja þessu verki lið og jafnframt hef ég fundið mikinn velvilja hjá eldra fólki sem vill leggja sitt af mörkunum“, segir Ólafur.

Að sögn Ólafs er talið að hér verði örugglega um fjögurra til fimm ára verkefni að ræða. „Jón hefur þegar unnið mikið starf og skilað miklu efni en núna var hann að ræða við okkur um verklag við framhaldið og hvernig best verði að vinna að síðara bindinu.“

Jón Þ. Þór cand. mag. býr yfir mikilli reynslu sem nýttist

honum vel við þetta verkefni. Þannig ritaði hann stórvirkið Sögu Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna. Hann var stundakennari í sagnfræði við Háskóla Íslands um árabíl og vann í mörg ár að heimildauitgáfum á vegum Þjóðskjalasafns Íslands. Meðal fræðirita hans má nefna bókinu Landhelgi Íslands sem kom út hjá Háskólaútgáfunni.

Ísafjörður

Ragnheiður í aðalstjórn Hafnarsambandsins

Ragnheiður Hákonardóttir, bæjarfulltrúi og formaður hafnarnefndar Ísafjarðarbæjar, var kjörin í aðalstjórn Hafnarsambands sveitarfélaga á ársfundi sambandsins sem haldinn var á Akranesi. Þetta var 33. og jafnframt síðasti ársfundur sambandsins og sátu hann 113 fulltrúar og gestir 42 hafna víðs vegar á landinu.

Á fundinum voru einnig samþykkt ný lög fyrir sambandið. Framvegis verður ekki boðað til ársfundar heldur til hafnarsambandsþings annað hvert ár. Þá var stjórnarmönnum fækkað í sjö í stað átta og verða þeir kjörnir í stjórnina miðað við tekjur hafna.

Fimm sýslumenn álykta um afleitt símasamband á aðalþjóðvegum Vestfjarða

„Dregur verulega úr umferðaröryggi í landshlutanum“

„Fundur sýslumanna á Vestfjörðum og í Dölum vekur athygli á afleitu símasambandi á Vestfjarðavegi og Djúpvegi, sem eru aðalþjóðvegir í landshlutanum.“ Þannig hefst ályktun sýslumanna fimm á umræddu landsvæði, sem þeir beina til samgönguráðherra og dómsmálaráðherra. Síðan segir: „GSM-samband er nær eingöngu í þéttbýliskjörnum og NMT-símasamband er afar slitrótt þar á milli og fer versnandi. Fundurinn lýsir áhyggjum sínum af þessu ástandi og hve öryggi vegfarenda er ótryggt af þessum sökum. Malarvegir, einbreitt slitlag, fjöll



Hópurinn fyrir framan Café Riis á Hólmavík.

og firðir og oft miklar fjarlægðir milli bæja gera það að verkum, að þetta símasambandsleysi dregur verulega úr umferðaröryggi í landshlutanum.“ Undir þessa ályktun, sem

gerð var á fundi sem sýslumennirnir héldu á Hólmavík í síðustu viku, rita Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaður í Búðardal, Áslaug Þórarinsdóttir, sýslumaður á Hólmavík,

Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður á Ísafirði, og Þórólfur Halldórsson, sýslumaður á Patreksfirði.

Listi tímaritsins Frjálsrar verslunar yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins

Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. er stærsta fyrirtæki Vestfjarða

Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf., er stærsta fyrirtækið á Vestfjörðum samkvæmt nýútkomnum lista Frjálsrar verslunar yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins. Velta H.G. nam 2.912 milljónum króna á síðasta ári sem kemur fyrirtækinu í 76. sæti á landsvísu. Orkubú Vestfjarða hf. er næst stærsta fyrirtækið á Vestfjörðum með 920 milljónum króna veltu, þá kemur Oddi hf. á Patreksfirði með 844 milljónir, þá Sparisjóður Bolungarvíkur með 651 milljón og fimmta stærsta fyrirtæki Vestfjarða á síðasta ári var Póls hf. á Ísafirði með 320 milljóna

króna veltu. Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. er í 15. sæti yfir þau fyrirtæki sem gáfu besta ávöxtun á árinu eða 37,3%. Gengi hlutabréfa fyrirtækisins var 6,70 l. október sl. Þá er fyrirtækið í 29. sæti yfir verðmætustu fyrirtæki landsins en markaðsvirði fyrirtækisins er talið rúmum 4,5 milljarðar króna. Flugleiðir hf. er það fyrirtæki sem gaf besta ávöxtun á síðasta ári eða 134,3% og Íslandsbanki hf. er verðmætasta fyrirtæki landsins en markaðsvirði þess er talið rúmum 47 milljarðar króna. Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf.

er einnig á lista yfir þau fyrirtæki sem sýndu hvað mestu umskipti í rekstri á árinu. Fyrstu sex mánuði þessa árs nam hagnaður fyrirtækisins eftir skatta 474 milljónum króna á móti 171 milljónum króna tapi á sama tímabili árið á undan.

Ef lítið er á lista yfir hæstu launagreiðendurna kemur í ljós að Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. greiðir hæstu meðallaunin á Vestfjörðum eða kr. 4.944 þúsund. Næst kemur Fiskvön ehf. á Patreksfirði með 4.625 þúsund, Orkubú Vestfjarða hf. með 3.701 þúsund og Póls hf. með 3.098

þúsund krónur að meðaltali. Á lista yfir þau fyrirtæki sem hafa hvað mest eigið fé er Orkubú Vestfjarða hf. í 25. sæti með eigið fé upp á 4,3 milljarða króna. Póls hf. er í 18. sæti yfir þau fyrirtæki sem skiluðu mestri arðsemi eiginfjár fyrir skatta eða 47% og Oddi hf. á Patreksfirði er í 34. sæti með 24% arðsemi eiginfjár.

Ísafjarðarbær er í 7. sæti yfir stærstu sveitarfélög landsins miðað við tekjur en þær namu alls 1.828 þús. króna á síðasta ári og Orkubú Vestfjarða hf. er sjötta stærsta orkufyrirtæki landsins með

920 milljónum króna veltu. Þá er Lífeyrissjóður Vestfirðinga í 12. sæti yfir stærstu lífeyrissjóði landsins með hreina eign upp á tæpa 13,2 milljarða króna. Lífeyrissjóður Bolungarvíkur er hins vegar í 35. sæti með hreina eign upp á tæpan 2,1 milljarð króna.

Á lista yfir stærstu fjármálafyrirtækin er Sparisjóður Vestfirðinga í 19. sæti með 955 milljónum króna veltu. Sparisjóður Bolungarvíkur kemur síðan í 20. sæti með veltu upp á 651 milljón króna. Títtnefnt Hraðfrystihúsið – Gunnvarar hf. er í 14. sæti yfir stærstu sjávarútvegsfyrirtækin.

Blómabúð í Neista

Soffía Hauksdóttir, sem hefur rekið blóma- og gjafavöruverslunina Blómahornið í Bolungarvík í rúmlega fjögur ár, opnar á næstunni aðra verslun eða útibú í Neistahúsinu á Ísafirði. Blómahornið í Neista verður í kringum 50 fermetra pláss á jarðhæðinni beint á móti Sjallanum. Soffía reiknar með því að geta opnað nýju búðina kringum næstu mánaðamót. Engin breyting er fyrirhuguð á Blómahorninu í Bolungarvík og þar verður væntanlega lager fyrir báðar búðirnar. Nú munu tvær blómaverslanir vera í rekstri á Ísafirði.



Gunnhildur Gestsdóttir með trefil og borða.

Treflar og borðar til sölu

Nú stendur yfir mánuður sem er tileinkaður baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Af því tilefni er margt gert til að minna á þennan vágast og afla fjár til að berjast við hann. Í versluninni Silfurtorgi, sem stendur við samnefnt torg á Ísafirði, selur Gunnhildur Gestsdóttir trefla til styrktar málefnum. Treflana er hægt að fá svarta eða ljósbrúna og kosta þeir rétt tæpar 3.000 krónur og rennur allur ágóði beint til Krabbameinsfélagsins. Einnig er hægt að fá bleika borða hjá Gunnhildi og kosta þeir eins mikið og menn vilja láta fyrir þá.

Óeigingirnir og heilbrigður keppnisandi heilluðu

Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar hefur vaxið fiskur um hrygg síðan félagið var stofnað árið 1988. Að vísu hefur það tvisvar breytt um nafn, hét fyrst Skotveiðifélag Ísafjarðar og síðan Skotfélag Ísafjarðar en hlaut að lokum það nafn sem það ber í dag. Í upphafi var lögð áhersla á að koma upp æfingaaðstöðu fyrir skotveiðimenn, en þegar nafni félagsins var breytt var lögð meiri áhersla á skotíþróttina.

Lítið gekk hjá stofnendum félagsins að fá aðstöðu. Að vísu fengu þeir að æfa sig með litlum rifflum í íþróttahúsinu á Torfnesi þegar það var í byggingu, en gekk illa að fá almennilega æfingaaðstöðu. Það var ekki fyrr en Jens Magnússon, núverandi formaður félagsins, gekk á fund Kristjáns Þór Júlíussonar, þáverandi bæjarstjóra Ísafjarðar, að eitthvað miðaði.

Vestfjarðagöngin hjálpuðu

„Árið 1994 fengum við land í Engidal til æfinga. Við byrjuðum strax að byggja upp aðstöðu en vissum alltaf að við yrðum bara í Engidal þar til betri staður fengist til afnota. Við keyptum okkur lítinn handknúinn leirdúfukastara, en svæðið hafði þann ókost, að þar var ekki hægt að nota nein stór skotvopn, þar sem landið var frekar lítið.

Um þremur árum síðar áttum við aftur viðræður við bæjaryfirvöld og fengum úthlutað svæði til frambúðar í Dagverðardal. Segja má að tilkoma Vestfjarðaganganna hafi hjálpað okkur mikið, því eftir að þau voru opnuð var lítil sem engin bílaumferð um Dagverðardal. Þar að auki hættu menn að nota vatnsbólíð sem þar var, en yfirvöld höfðu alltaf verið hrædd við leyfa notkun skotvopna í nánd við bólið út af hugsanlegri blýmengun.“

Aðgengi verði tryggt

„Þegar við sömdum við bæjaryfirvöld um aðstöðuna í Dagverðardal var lofað að okkur yrði tryggt aðgengi upp að skotsvæði. Efnidir á því hafa verið misgöðar en enginn vill kannast við að eiga veginn upp á svæði. Bærinn segir að Vegagerðin eigi að sjá um hann en Vegagerðin segir að vegurinn sé aflagður og bærinn eigi að sjá um hann. Þessi vegur hefur mikið gildi, ekki bara fyrir okkur, heldur líka

fyrir útivistarfólk og aðra sem erindi eiga upp á heidi.

Þetta ástand er mjög óþægilegt fyrir okkur og það má segja að tryggt aðgengi að skotsvæðinu sé okkar helsta baráttumál í dag. Við erum ekki að biðja um að veginum sé haldið opnum allan ársins hring, en menn mættu nú allveg taka einn og einn skafl á haustin og seint á vorin. Þá væri hægt að æfa í átta mánuði á ári með tiltölulega litlum kostnaði fyrir yfirvöld.“

Skjóta froðufellandi í mark

Félagsmenn eru fjölmargir í Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar. Félagatalið er miðað við greidd félagsgjöld hverju sinni og teljast félagsmenn yfirleitt um eða yfir 70 á ári hverju. „Meðlimir hafa flestir verið 83 og konur hafa yfirleitt verið um 10% þeirra. Það hlutfall mætti hækka því að margar skotgreinar henta konum vel og betur en körlum. Það er mikið líf í félagsstarfinu og við höldum fjölmörg innanfélagsmót á hverju ári. Það eru yfirleitt á þriðja tug manna sem keppa á þessum mótum.

Á mótunum er keppt í hinum hefðbundnu greinum skotíþróttarinnar en að auki hefur verið tekið upp á því að halda svokölluð sprellumót í kringum páskana. Þá þurfa menn að hlaupa í blautum snjó þar sem þeir steypast oftast á hausinn. Síðan þurfa menn kaldir og blautir að skjóta í mark og hefur árangurinn verið misjafn eins og við má búast. Einnig hafa keppendur þurft að borða kókosbollur og drekka appelsín ofan í þær og skjóta síðan froðufellandi í mark.“

Félagið eitt af fáum sem ekkert skulda

„Helsti tilgangur félagsins er eftir sem áður að geta boðið almennilega aðstöðu til æfinga. Uppbygging á skotsvæðinu hefur verið mikil og nú er svo komið að við erum með fyrirtaks æfingaaðstöðu fyrir flestar greinar skotíþróttarinnar, leirdúfuskotfimi og markskotfimi með rifflum, svokallaðar kúlugreinar. Ég vil meina að núna sé skotsvæðið í Dagverðardal orðið eitt það besta á landinu, sérstaklega kúlugreinaaðstaðan.

Hraði uppbyggingar skotsvæðisins hefur alla tíð stjórnað af því hversu miklir peningar hafa verið til staðar. Ég

held að Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar sé eitt af örfáum íþróttafélögum á landinu sem ekki skulda neitt.“

Gott samstarf við lögreglu

„Við höfum alla tíð átt mjög gott samstarf við lögregluyfirvöld og höfum iðulega séð um verklegan þátt skotvopnánámskeiðs lögreglunnar. Lögreglumenn hafa alltaf haft ótakmarkaðan aðgang að okkar æfingasvæði, en þeir voru okkur einmitt innan handar þegar við vorum að koma því upp, leiðbeindu okkur með stærð hættusvæðis og svo framvegis.

Einnig hafa menn undir tvítugu, og aðrir sem ekki hafa byssuleyfi, getað komið og æft sumar skotgreinar undir okkar leiðsögn. Því miður voru sett lög árið 1998 sem urðu til þess að ungmenni fá ekki lengur að æfa sig með 22 calibera rifflum. Þetta er mjög óhentugt, þar sem fólk á þessum aldri er oft ekki mjög hrifið af haglabyssum og varð þessi lagabreyting til að fæla mörg ungmenni frá skotíþróttinni.“

Áhersla lögð á lög og reglur

Jens segir að skotíþróttamenn á Vestfjörðum og víðar hafi þurft að glíma við neikvætt viðhorf fólks til íþróttarinnar.

„Margir virðast halda að félagið sé bara klúbbur byssuóðra manna sem skjóti á allt sem þeim sýnist. Við höfum hins vegar alltaf lagt mikla áherslu á að fara að lögum og reglum og erum mjög harðir á því við okkar félagsmenn að þeir fari eftir þeim, hvort sem það eru landslög eða umgengnisreglur okkar á skotsvæðinu. Ég held að þeir menn sem eru með óeðlilega frjálstlegt viðhorf gagnvart skotvopnum hafi ekkert í svona félag að gera.“

Óeigingjarnir keppnismenn

Jens hefur lengi verið skotveiðimaður en kynntist skotíþróttum fyrir tiltölulega stuttu síðan. „Það var árið 1993 sem ég kynntist notkun vopna til annara hluta en veiða. Af einhverjum ástæðum var ég sendur á landsmót til að keppa í leirdúfuskotfimi, en hafði þá aldrei séð leirdúfu, hvað þá skotið á svoléiðis.



Í miðri keppni bilaði byssan mín og stóð á sér. Þá kom að þáverandi Íslandsmeistari í greininni og lánaði mér sína byssu, grip upp á fimmta hundrað þúsund króna. Hann hafði meira að segja haft fyrir því að ræða við mótsstjóra og fengið leyfi til að lána mér byssuna.

Þetta kveikti áhuga minn á skotíþróttinni. Fyrst að mórallinn í kringum keppni var svona heilbrigður, vissi ég að þetta var eitthvað sem hentaði mér. Það hefur líka komið á daginn að samhjálp manna er rosalega mikil. Menn hafa alltaf verið boðnir og búnir að leiðbeina öðrum og ráðleggja. Þó svo að skotíþróttamenn búi vissulega yfir miklu keppnis-

skapi í mótum, er óeigingirnir mikil og menn hjálpa iðulega sínum keppinautum.“

Bætt skotmenning

„Félagið hefur gert annað en að bjóða meðlimum sínum upp á æfingaaðstöðu. Við höfum haldið tvær skotvopnasýningar, árin 1995 og 1999, og vonandi höldum við eina enn innan tíðar. Það hefur reyndar ekki verið rætt um það ennþá, en það er til mikið af áhuga verðum skotvopnum í bænum.

Þá héldum við fyrstir allra á landinu mót í skotfimi á skíðum. Það gerðum við í sex ár en þurftum að hætta því vegna þess að það var ekki hægt að moka upp á Dag-

verðardal. Þá lánuðum við gönguskíðarífflana okkar norður á Akureyri þar sem þessi mót hafa verið haldin að undanfögnu. Það er leiðinlegt að hafa misst þetta norður, því þetta var mjög vinsæl íþróttagrein og áhorf á mótum var mikið.

Ég held að skotmenningin á norðanverðum Vestfjörðum hafi batnað mjög eftir að menn fengu aðstöðu til æfinga. Fyrir tíma skotsvæðisins var mjög algengt að menn fóru inn í Djúp og skutu á hitt og þetta, skilti og vegstikur og í raun bara allt það sem þeim datt í hug. Að sögn lögreglunnar hefur skyttirí af því tagi snarminnkað eftir að skotsvæðið var tekið í notkun.“

Veglegar listaverkagjafir til safnsins boðaðar

Stefnt er að því að Listasafn Ísafjarðar verði formlega opnað næsta sumar með opnungarsýningu í Safnahúsinu á Ísafirði, sem í daglegu tali er nefnt Gamla sjúkrahúsið. Áttunin er að sýna þar verk eftir ísfrska málaram Kristján H. Magnússon og optiklistakonu Eyborgu Guðmundsdóttur, sem ættuð er frá Ísafirði og frænka Kristjáns.

Á fundi stjórnar Listasafns Ísafjarðar fyrir skömmu grein-

di Jón Sigurpálsson safnstjóri frá því, að von væri á listaverkagjöf úr dánarbúi Finns Jónssonar fyrrum alþingismanns og ráðherra frá Ísafirði. Áður hafði verið skýrt frá því, að börn Torfa Hjartarsonar fyrrverandi sýslumanns og

bæjarfógeta á Ísafirði hafa í hyggju að gefa Listasafni Ísafjarðar tvö málverk úr búi foreldra sinna.

Stjórn safnsins hefur falið safnstjóra að undirbúa mótöku beggja þessara listaverkagjafa. Þá hefur Einar

Garibaldi Eiríksson listaprófessor lýst því yfir að hann vilji gefa Listasafninu röð listaverka eftir sjálfan sig. Einar Garibaldi mun væntanlega halda sýningu á Ísafirði á næsta ári og afhenda gjöf sína við það tækifæri.



Safnahús Ísafjarðar (Gamla sjúkrahúsið).

Góður sigur á Selfyssingum á Torfnesi

KFÍ með fullt hús stiga

Meistaraflokkur karla hjá Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar (KFÍ) hafði sigur á móti Selfyssingum í leik liðanna í íþróttahúsinu á Torfnesi á föstudagskvöld. Leikar fóru 85-77, heimamönnum í vil.

„Maður er náttúrulega alltaf sáttur við að vinna en við hefðum getað gert betur. Við misstum niður nokkuð öruggt forskot í síðasta leikhlutu, vorum klaufar í vörninni og lentum í villuvandræðum. Pétur Þór Birgisson átti hins vegar góða innkomu og skoraði margar mikilvægar körfur í röð“, segir Hrafn Kristjánsson, þjálfari meistaraflokks karla hjá KFÍ.

Ísafirðingar sitja nú í efsta sæti 1. deildarinnar með fullt hús stiga eftir þrjár umferðir.



„Við leikum næst heima á móti Reyni, sem ég held að sé sterkasta liðið“, segir Hrafn.

kirkja

Ísafjarðarkirkja:
Kirkjuskóli á laugardag kl. 11:00. Guðsþjónusta á sunnudag kl. 11:00.

Flateyrarkirkja:
Kirkjuskóli á laugardag kl. 13:30. Kyrrðarstund á laugardag kl. 17:00.

Hnífsdalskappella:
Kirkjuskóli á sunnudag kl. 13:00.

Hólskirkja:
Opið hús í Safnaðarheimilinu fyrir foreldra og börn fimmtudaginn 24. október kl. 10-12. Sunnudagaskóli kl. 11:00 27. október.

Starfsárið hjá Tónlistarfélagi Ísafjarðar að hefjast

Selló og píanó í Hömrum

Fyrstu áskriftartónleikar Tónlistarfélags Ísafjarðar á starfsárinu verða á laugardaginn kl. 17 í Hömrum. Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari verða gestir félagsins á þessum fyrstu tónleikum vetrarins. Bryndís Halla sem er leiðandi sellóleikari við Sinfóníuhljómsveit

Íslands og Steinunn Birna eiga að baki langt og farsælt samstarf og halda upp á það um þessar mundir. Hér gefa þær hlustendum hlutdeild í meistaraverkum fyrir selló og píanó sem eru meðal uppáhaldsverka þeirra beggja.

Á efnisskránni eru Sónata fyrir píanó og selló op. 102 nr. 2 í d-dúr eftir Beethoven,

Sónata nr. 1 í d-moll eftir Debussy, Sónata fyrir píanó og selló op. 38 í e-moll eftir Brahms, Nocturne í cis-moll eftir Chopin og Adios Nonino eftir tangótónskáldið Astor Piazzolla. Þessi verk eru öll vinsæl, en gera jafnframt miklar kröfur til flytjendanna, sannkölluð stórverk á sviði tónbókmenntanna.

Fíkniefnadreifing á norðanverðum Vestfjörðum upprætt

Hald lagt á peninga sem taldir voru andvirði seldra fíkniefna

Lögreglan á Ísafirði upprætti í byrjun síðustu viku skipulagða sölu og dreifingu fíkniefna á Ísafirði og í nágrenni. Rannsóknin hófst að kvöldi sunnudags þegar lögreglan á Ísafirði stöðvaði akstur fimm manna í Vestfjarðagöngum. Um var að ræða karlmenn á aldrinum frá 19 til 28 ára, sem allir voru handteknir og færðir í fangaklefa á Ísafirði. Húsleitir voru gerðar í vistarverum manna fimm, annars vegar í skipi tveggja af

hinum handteknu og hins vegar á heimilum hinna þriggja.

Fljótlega var tveimur manna sleppt enda voru þeir ekki taldir tengjast dreifingu fíkniefnanna. Hinum var haldið meðan yfirheyrslur og aðrar rannsóknaraðgerðir fóru fram. Við rannsóknina upplýstist að einn þremminganna hafði á föstudegi móttekið 20 grömm af kannabiseftum og dreift megninu af því á norðanverðum Vestfjörðum þá um helgina. Alls fundust rúm 5 grömm

af kannabiseftum og áhöld sem talin eru hafa verið notuð bæði til fíkniefnaneyslu og dreifingar slíkra efna. Að auki var lagt hald á peningaseðla sem taldir eru hafa verið andvirði seldra fíkniefna.

Við rannsókn málsins naut lögreglan á Ísafirði aðstoðar fíkniefnaleitarhundsins Nökkva og eiganda hans, lögregluvarðstjóra í Bolungarvík. Þá veitti lögreglan á Patreksfirði aðstoð við rannsókn málsins.

Hótel Ísafjörður

Tvö villibráðarkvöld haldin á þessu hausti

Villibráðarkvöld verður haldið á Hótel Ísafirði á laugardag, það fyrra af tveimur á þessu hausti. „Við höfum orðið varir við aukinn áhuga á villibráðarkvöldi og ætlum þess vegna að hafa tvö slík kvöld en ekki eitt eins og áður“, segir Karl Ásgeirsson, skotveiðimaður og einn eigenda SKG-veitinga sem standa að kvöldinu. Veislustjóri að þessu sinni verður Lárus Valdimarsson og sem fyrr verða menn hvattir til að segja veiðisögur. Vegleg verðlaun verða veitt fyrir

bestu veiðisöguna. Villibráð af ýmsum toga verður í boði, svo sem gæsir, endur, svartfugl, selur, hreindýr og rjúpa, svo fáeinar tegundir séu nefndar.

Skotveiðimenn, jafnt eigendur SKG-veitinga sem vinir þeirra og aðrir, útvega bráð á borðið. „Svo er að sjálfsögðu eitthvað keypt. Við ráðleggjum fólki að skrá sig sem fyrst því nánast er uppselt á hlaðborðið á laugardaginn og strax er vel bóknað á síðara hlaðborðið, sem verður 9. nóvember“, segir Karl Ásgeirsson.

Söngskemmtunin „Those Were the Days“

Síðustu sýningar um helgina

Söngsýningin „Those Were the Days“ á Ísafirði lifir enn góðu lífi en ekki öllu lengur. Um næstu helgi verða tvær sýningar í Krúsinni á Ísafirði og er þar um lokasýningar að ræða. Söngvarar og hljóðfæraleikarar á

þessum skemmtikvöldum eru Þórunn Snorradóttir, Guðmundur Ó. Reynisson, Jónatan Einarsson, Jón Hallfred Engilbertsson, Samúel Einarsson, Karl Jónsson og Óli Pétur Jakobsson.

Á sýningunni er flutt erlend

tónlist frá sjöunda áratugnum og hafa áhorfendur með fortíðarþrá (nostalgíu) hafa borið mikið lof á hana. Uppselt mun vera á skemmtunina á laugardagskvöld en sæti eru laus á föstudag.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga Verk-Vest



Auglýsir eftir tillögum að félagsmerki.

Hugmyndir þurfa að berast til skrifstofu félagsins, Pólgötu 2, Ísafirði, fyrir 15. desember nk.

Heitið er 100.000 króna verðlaunum fyrir bestu tillöguna. Áskilinn er réttur til að skipta þeirri upphæð á fleiri en eina tillögu eftir mati stjórnar félagsins.

Nafn tillögumannsins berist með tillögu í lokuðu umslagi merktu „Tillaga Verk-Vest.“

Friður hópur kom og aðstoðaði við smalamennskuna

„Mér finnst vænt um allt og alla og elska það sem fagurt er“

Ragna Aðalsteinsdóttir bóndi á Laugabóli í Djúpi skrifar

Nú þegar fækkun á bændum fer skipulega fram og sveitabær leggjast af á stórum svæðum, fer þeim ört fækkandi sem náð geta fé sínu saman nema með aðstoð þéttbýlisfólks, sem er svo elskulegt að koma oft um langan veg til hjálpar. Það hefði einhvern tíma ekki þótt mikil reisin að þurfa svo að aka búpeningi í önnur héruð til slátrunar, burt frá neytendum hér á Vestfjörðum. Það væri fróðlegt að vita hvað þessir flutningar héraða á milli kosta, fyrst með lifandi

dýr og svo með kjöt og slátur til baka. Ekki furðar mig þótt fólk kippi að sér hendi og minnki neyslu á þessum afurðum.

Í mínum huga er ekki meiri reisin yfir þeim sem stjórna landbúnaðarmálum en sú, að þeir vilja hafa hér á landi nokkur stór bú til að geta sýnt útlendingum á hátíðis- og tyllidögum. Þetta er Ísland í dag. Einstaklingshyggjan tröllríður öllu, þeir einir eiga að fá að lifa sem eru innundir hjá stjórnvöldum. Þetta er allt

hagræðingarinnar vegna, er manni sagt.

Þessi elskulegi hópur sem myndin er af kom til mín til að smala. Það er sólskinsbros á hverju andliti þegar þau leggja til atlögu. Á myndinni eru í fremri röð frá vinstri: Högni M. Þórðarson, Hermann Hákonarson, Svavar Guðmundsson, Hjörvar Helgason, Hjörtur S. Vestfjörð, barnabarn mitt, og Indriði Hilmarsson, fyrrverandi nábúi minn. Efri röð frá vinstri: Garðar Vestfjörð, Hörður



Föngulegur hópur smalaafólks að leggja af stað í leitir.

Högnason, Þorsteinn Jóhannesson leitarstjóri, Páll Janus Þórðarson, Sævar Óskarsson, Viðar Konráðsson, Ólafur Sigmundsson, Sigurlaug Ingimundardóttir og Sigurveig Gunnarsdóttir.

Þessu elskulega fólki öllu saman þakka ég ómetanlega aðstoð og tileinka því vísu sem varð til þegar ég var að fella síðustu stráin á Laugabólstúninu í sumar:

Mér finnst vænt um allt og alla

og elska það sem fagurt er. Ég sé grænu grösina falla á grönn svörð við fætur mér. Hittumst öll heil og hress.

– Ragna á Laugabóli.

Rauði kross Íslands
Ísafjarðardeild

Skyndihjálp

Námskeið í almennri skyndihjálpi verður haldið helgina 25. - 27. október nk.

Upplýsingar og skráning í síma 456 3180.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu
fasteignir víða
á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu

Jón Sigurpálsson opnar sýningu í Slunkaríki

Vestfirskar veðurfarslýsingar í myndum og fjórlínungum

Jón Sigurpálsson myndlistarmaður opnar sýningu á vestfirskum veðurfarslýsingum í Slunkaríki á Ísafirði kl. 16 á laugardag. Myndirnar eru allar unnar á þessu ári og voru meðal annarra á sýningu Jóns í Ásmundarsal í Reykjavík í vor.

„Maður rekst á eitt og annað

við lestur. Það var einn haustdag í norðanbáli að ég var að glugga í Ársrit Sögufélags Ísfirðinga frá árinu 1956. Sérstaka athygli mína vakti grein eftir Bjarna Sigurðsson bónda í Vigur um veðurfarslýsingar. Við lesturinn varð ég þess áskynja, að hér fór heimur sem var mér nokkuð framandi“.

segir listamaðurinn.

„Ég kannaðist við nokkrar lýsingar en flest voru hugtökin mér ókunn. Við lestur urðu þau að myndum og lýstu sjálf náttúrunni og ástandi himinsins, auk þess gat ég raðað þeim saman í það sem ég kalla

fjórlínunga og myndað allt það sem þarf til sköpunar“.

segir Jón Sigurpálsson um verkin á sýningunni. Slunkaríki er opið kl. 16-18 frá sunnudegi til fimmtudags í viku hverri. Sýningin stendur fram til 10. nóvember.

Aðalfundur

Aðalfundur F.O.S.Vest verður haldinn á Hótel Ísafirði laugardaginn 2. nóvember kl. 14:00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Allir félagar velkomnir.



Eitt verkanna á sýningu Jóns Sigurpálssonar.

STAKKUR SKRIFAR

Loftlausar rjúpnaskyttur

Enn stendur tími karlmennskunnar. Fyrst skjóta menn gæsir og svo kemur að blessaðri rjúpunni. Nú hefur þrengt svo að henni að umhverfisráðherra vill gera allt henni til bjargar og banna helst allar veiðar. En til að byrja með hefur verið látið duga að stækka svokallað friðland hennar umhverfis höfuðborgina og næsta nágrænni. Rjúpan hefur átt undir högg að sækja, bæði gagnvart ránfuglum, einkum fálkanum, og ekki síður hefur maðurinn gert að henni adsúg síðustu áratuginna. Það væri svo sem skiljanlegt ef nauðsyn bæri til. En nægt framboð er af kjöti á Íslandi, bæði af kindum, svínunum og ræktuðu fiðurfé.

Mörgum mannum hefur ofboðið krafturinn og lætin í rjúpnaskyttum, sem síðan hefur orðið að leita að. Á hverju ári er það svo, að senda þarf björgunar sveitir til leitar eða aðstoðar rjúpnaskyttum sem hafa annað hvort villst af leið eða komist í ógöngur uppi á öræfum. Ekki er spurt um kostnað. Nú hafa bændur þeir, er enn búa við Ísafjarðardjúpi og vilja halda uppi merki forfeðranna og berjast við að byggð haldist í sveitum, er áður byggðu hundruð manna, gripið til eigin ráða.

Fyrir vikið hafa kaupstaðarbúar, sem telja það sérstakt manndómsmerki að fara og skjóta rjúpu með þann tilgang að leiðarljósi að jól verði ekki haldin án þess að eta þennan vinalega fugl, komist að því að til eru annars konar ógöngur en þær að villast og tynast. Vissulega hefur það komið fyrir menn að festa bíla sína við þessa iðju, en nú hafa bændur í Ísafjarðardjúpi og á Ströndum fundið nýja einfalda leið til að sýna stuðning sinn við rjúpunna í verki. Bændur hleypa

lofti úr dekkjum á bílum rjúpnaskyttna, sem fara um í óleyfi þeirra.

Það mun raunar teljast lögbrot að taka lögin í sínar eigin hendur eins og í tilvikum sem þessum. En samt er bændum sem grípa til þessara örþrifaráða vorkunn. Þeir vita sem er að lögregla bæði á Ísafirði og á Hólmavík hefur mörgum hnöppum að hneppa og á um langan veg að fara til að sinna kærnum bændum. Því miður hefur það gerst með sífellt minnkandi byggð við Ísafjarðardjúpi, að karlmenni úr kaupstöðunum, og ef til vill konurnar einnig, telja sér nokkuð frjálst að fara um þar sem þeim sýnist, óháð því hvort náttúran og gróðurinn geldur þess eður ei. Því miður virðast alltof margir telja að engu skipti hvort landeigendur vilji yfirhöfuð hafa menn skjótandi á sínum löndum. Þrátt fyrir bann við rjúpnaveiði í einstökum löndum og jörðum eru of margir sem ekki taka mark á slíku. Kannski er þar um algeran minnihluta að ræða. Engu að síður kallar sá litli hópur á viðbrögð og fordæmingu þeirra skotmanna sem vilja fara að lögum og vilja landeigenda.

Vart er hægt að mæla því framferði bót að hleypa lofti úr dekkjum bíla. Kannski er þó ekki hægt með öllu að fordæma slíkt ef sá sem það beinist gegn er augljóslega að brjóta landslög og fyrirmæli landeigenda. Hins vegar er skynsamlegast að yfirvöld taki á veiðimönnum og framferði þeirra með þeim hætti að þeir svari til saka og komist ekki upp með ofbeldi gegn landi, rjúpu og landeigendum.

SPURNINGIN

Spurt var:

Hefur þú orðið fyrir einelti?

Alls svöruðu 474.

Já, í skóla sögðu 180

eða 37,97%

Já, í vinnu sögðu 46

eða 9,7%

Nei sögðu 248 eða 52,32%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svári frá hverri tölu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Þar sem púlsinn slær...

bb.is

Héraðsdómur Vestfjarða

Fimm refsidóm- ar kveðnir upp

Dómar í fimm sakamálum voru kveðnir upp í Héraðsdómi Vestfjarða í lok síðustu viku. Ekkert málanna getur talist margbrotið eða stórfellt. Þyngsta dóminn hlaut maður hátt á fimmtugsaldri, sem hlaut eins mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Hann var fundinn sekur um að hafa stolið fartölvu úr báti í Suðureyrarhöfn kvöld eitt í mars á þessu ári og myndavél úr starfsstöð Fiskvinnslunnar Íslands sögu hf. sama kvöld. Loks var hann fundinn sekur um að hafa brotist inn í herbergi í verbúð á Suðureyri í vor og stolið þar um 700 krónum í smámynt. Maðurinn hefur ekki áður sætt refsingum og var lítið til þess við ákvörðun refsingar.

Liðlega fertugur maður var dæmdur til greiðslu 120 þúsund króna sektar, sviptingar ökuréttar í eitt ár og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Hann var sakfelldur fyrir að hafa í sumar ekið bifreið undir áhrifum áfengis (vín-andamagn í blóði 3,07‰) utan vegar á grasi á tjaldstæðinu við íþróttamiðstöð Þingeyrar sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja þar til bifreiðin sat föst á steypustöpli. Þegar lögreglumenn komu á vettvang sat ákærði í öku-mannssæti bifreiðarinnar og reyndi að aka henni af stöpl-

inum.

Liðlega tvítugur maður var dæmdur í 50 þúsund króna sekt og til greiðslu alls sakarkostnaðar fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt laugardags í desember slegið annan mann fyrirvaralaust og án nokkurs tilefnis hnefahögg í andlitið með krepptum hnefanum með þeim afleiðingum að bólga myndaðist umhverfis hægri auga og lítillega brotnaði upp úr tónn. Jafnframt var hann sakfelldur fyrir ólögmdæta meðferð fundins fjár, með því að hafa slegið eign sinni á farsíma sem hann fann á götu á Ísafirði. Ákærði játaði brot sín greiðlega og var samvinnufús við rannsóknara. Hann hefur ekki áður sætt refsingum.

Liðlega tvítug kona var dæmd til greiðslu 60 þúsund króna sektar fyrir akstur án ökuréttinda en lögreglan stöðvaði akstur hennar á Skutulsfjarðarbraut í sumar. Konan hafði tvívegis sætt sektum og sviptingu ökuréttar fyrir ölvunarakstur, síðara sinnið í maí 2001, er hún var svipt ökurétti í tvö ár.

Tvítugur maður var dæmdur til greiðslu 10 þúsund króna sektar og til greiðslu alls sakarkostnaðar fyrir að aka bifreið um götu á Ísafirði án þess að hafa ökuskráirni meðferðis og án þess að hafa öryggisbelti spennt.



Hreggnasi 3 í Hnífsdal (Grænidalur).

Kunnuglegt hús að kveðja

Grænidalur í Hnífsdal rifinn

Byrjað er að rífa húsið við Hreggnasa 3 í Hnífsdal eða Grænadal eins og það er kallað. Í nokkurn tíma hefur staðið til að rífa húsið og var niðurrifið samþykkt í umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar fyrir tæpu ári. Húsafriðunarnefnd gerði athugasemd við fyrirhugað niðurrif en lét síðan af mótmælum.

Grænidalur var byggður árið 1915 en viðbygging að neðanverðu var byggð síðar. Ástand hússins var orðið

mjög slæmt. Þar að auki hefur staðsetning þess lengi þótt ógna umferðaröryggi og mörgum er enn í fersku minni þegar húsið varð fyrir strætisvagni fyrir nokkrum árum.

Vegagerðin greiðir hluta kostnaðar við niðurrif hússins þar sem framkvæmdirnar teljast nokkur samgöngubót. Búið er að taka klæðningu af húsinu sem verður síðan rífið þegar vel viðrar.



Gefendur minningargjafarinnar við afhendinguna á sunnudag: Guðrún Kristín Guðfinnsdóttir, Haraldur Guðfinnsson, María Haraldsdóttir og Einar K. Guðfinnsson.

Gjöf í minningu Guðfinns heitins Einarssonar í Bolungarvík

Reistur verður minnisvarði um drukknaða og horfna sjómenn

María Haraldsdóttir, ekkja Guðfinns Einarssonar útgerðarmanns í Bolungarvík, og börn þeirra, gáfu sl. sunnudag eina milljón króna til byggingar minnisvarða um drukknaða og horfna sjómenn. Guð-

finnur heitinn hefði orðið átt-ræður þann 17. október og var féð gefið í minningu hans. Einar Jónatansson, formaður sóknarnefndar Hólssóknar, tók við gjöfinni í safnaðarheimilinu í Bolungarvík að

viðstöðu fjölmenni eftir messu.

„Minnisvarðinn á að rísa í kirkjugarðinum í Bolungarvík og stefnt er að því að hægt verði að afhjúpa hann á næsta sjómannaþingi“, segir Einar

Jónatansson. Ekki hefur verið ákveðin nánari útfærsla á minnisvarðanum. „Það verður ákveðið á næstunni í samráði við gefendur hvaða listamaður verður valinn“, segir Einar Jónatansson.



Jónas Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Bókhöðunnar á Ísafirði (t.v.), afhendir Ásmundi Guðnasyni verðlaunin í verslun Nýherja í Reykjavík.

Ljósmyndasamkeppni Bókhöðunnar, Nýherja og bb.is

Ásmundur hlaut fyrstu verðlaun

Liðlega fimmtíu myndir bárust í ljósmyndasamkeppni Bókhöðunnar á Ísafirði, Nýherja og bb.is sem nú er nýlokið. Viðfangsefni eða þema keppinnar var „Perlan Vestfirðir – fólkið, náttúran, mann-

lífið“.

Dómnefnd hefur lokið vandasömu starfi og fyrstu verðlaunin, sem eru Canon S-300 bleksprautuprentari, hlaut Ásmundur Guðnason fyrir mynd sem nefnist „Kvöldsigling í Fljótavík“.

Önnur verðlaun sem voru áskrift að Bæjarins besta hlaut Páll Öndarson fyrir myndina „Þröngt á þingi“ en þriðju verðlaun sem voru stækkun á ljósmynd ásamt ramma fékk

Davíð Davíðsson fyrir myndina „Dýrafjörður í þoku“.

Verðlaunamyndirnar og aðrar innsendar myndir má allar skoða á Ljósmyndavef bb.is. Þess er að vænta að ný keppni hefjist innan tíðar.

helgargardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

smáar

Aðalfundur Kvenfélags Ísafjarðarkirkju verður haldinn í Safnaðarheimilinu við Sólögötu, mánudaginn 30. október kl. 20:00. Dagskrá: Venjulega aðalfundarstörf og önnur mál. Að vanda verður borðið fram kaffi og meðlæti á fundinum. Nýjar félagskonur velkomnar. Stjórnin.

Til sölu eru lítið notuð nagladekk á nýjum felgum. Stærð 225/70 R15, (5 gata felgur) undan Suzuki jeppa. Uppl. gefur Gylfi í síma 896 0543.

Flóamarkaður JC Vestfjarða verður opin laugardaginn 26. október frá kl. 11-16. Miðkið af nýjum vörum.

Óska eftir hundagrind sem passar í Subaru Legacy. Upplýsingar í síma 864 5199.

Óska eftir frystikistu, minnst 200 ltr. Uppl. í s. 863 3664.

Vantar 4ra gata, 13" felgur með eða án dekkja. Upplýsingar í síma 865 6451.

Til sölu er 43 hestafla bátavél með öllum búnaði. Keyrð 1.100 tíma. Upplýsingar í síma 456 4967 eftir kl. 20.

Þrjár reyklausir og ábyggilegir ljósmæðranemar óska eftir íbúð með húsgögnum til skammis tíma eftir áramót í Reykjavík. Uppl. í síma 898 8828.

Border Collie hvolpur fæst gefins. Uppl. í síma 861 2480.

Til sölu eða leigu er 218m² einbýlishús að Móholti 9, Ísafirði. Fimm herb., stór bílskur og garður. Verð kr. 11,9 millj. Uppl. í síma 896 2880.

Strandamenn! Aðalfundurinn verður haldinn á Hótel Ísafirði, fimmtudaginn 24. október kl. 20:30 á 5. hæð.

Til sölu er 15" bátur með 30 hestafla mótör. Upplýsingar í síma 861 4681.

Til sölu er rimlarúf. Lítur mjög vel út. Verð kr. 6.000. Uppl. í síma 456 5057.

Til sölu er Subaru 1800 DL, árg. 91, ekinn 150 þús. km. Uppl. í sínum 863 3859 eða 456 3727.

Óska eftir ísskáp og þvottavél, ókeypis eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 869 3109.

Til sölu eru 15" vetrardekk. Uppl. í síma 861 8965.

bb.is Dagblað á netinu!

Kómedíuleikhúsið

Muggur

1. sýning sun. 27. okt. kl. 21
2. sýning mið. 30. okt. kl. 21
Sýnt í Hömrum Ísafirði

Miðaverð: 1.500,-
Miðapantanir í síma:
456 5636 og 891 7025



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 25. október

- 16.35 At
- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Stubbarnir (29:90)
- 18.30 Falin myndavél (42:60)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.10 Gullöndin. (Million Dollar Duck) Ævintýramynd um fjölskyldu sem á önd gædda þeim sjaldgæfa eiginleika að verpa eggjum með rauðu úr skíragulli. *Aðalhlutverk: Dean Jones, Sandy Duncan, Joe Flynn og Tony Roberts.*
- 21.40 Af fingrum fram. Jón Ólafsson spjallar við íslenska tónlistarmenn og synir myndbrot frá ferli þeirra. Gestur hans í þættinum í kvöld er dr. Gunní.
- 22.25 Kavanagh lögmaður. Bresk sakamálamynd þar sem Kavanagh lögmaður leitar réttar manns sem hefur setið inni árum saman fyrir barnsmorð. *Aðalhlutverk: John Thaw, Nicholas Jones, Oliver Ford Davies og Geraldine James.*
- 23.45 Litli risinn. (Little Big Man) Bandarísk bíómynd frá 1970 þar sem 121 árs maður rifjar upp eftirminnleg atvik á ævi sinni í vestrinu, m.a. uppvætt hjá indíánum, drykkju með Villa-Bill Hickock og frægar orrustur. *Aðalhlutverk: Dustin Hoffman, Faye Dunaway, Martin Balsam og Richard Mulligan. e.*
- 02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 26. október

- 09.00 Morgunstundin okkar
- 09.02 Stubbarnir (57:90)
- 09.26 Malla mús (28:52)
- 09.33 Undrahundurinn Merlín
- 09.43 Póstkassinn
- 09.45 Fallega húsið mitt (17:30)
- 09.53 Lísa (6:13)
- 09.59 Babar (51:65)
- 10.22 Póstkassinn
- 10.23 Krakkarnir í stofu 402 (32:40)
- 10.45 Hundráð góðverk (12:20)
- 11.10 Kastljósið
- 11.35 At
- 12.05 Geimskipið Enterprise (3:26)
- 12.50 Svona var það (5:27)
- 13.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
- 15.30 Handboltakvöld.
- 15.50 Íslandsmótíð í handbolta. Bein útsending frá leik í Essodeild karla.
- 17.55 Táknálsfréttir
- 18.05 Forskot (34:40)
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.40 Laugardagskvöld með Gísla
- 20.25 Spaugstofan
- 20.50 Pollyanna. (Pollyanna) Bresk mynd byggð á frægni sögu eftir Eleanor H. Porter um unga stúlku sem reynir alltaf að sjá björtu hliðarnar á tilverunni hvernig sem á móti blæs. *Aðalhlutverk: Amanda Burton, Georgina Terry, Kenneth Cranham, Pam Ferris og Davidamber.*
- 22.30 Fangaflugvélin. (Con Air) Spennamynd frá 1997. Fangi sem á að fara að láta lausan sýnir mikla hetjulund þegar flugvél sem hann er í er rænt. *Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Monica Potter, John Casack, Landry Albright, Steve Buscemi, Ving Rhames og John Malkovich.*
- 00.25 Grunaður um græsku. (Under Suspicion) Bíómynd frá 2000. Lögmaður sem orðið hefur vitni að morði er beðinn að koma á lögreglustöðina að ganga frá nokkrum lausum endum en dvöl hans þar dregst á langinn. *Aðalhlutverk: Gene Hackman, Morgan Freeman, Thomas Jane og Monica Bellucci. e.*
- 02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 27. október

- 09.00 Morgunstundin okkar
- 09.01 Disneystundin
- 09.55 Bubbi byggir (5:26)
- 10.06 Stundarkorn
- 10.28 Franklín (41:65)
- 11.00 Nýjasta tækni og vísindi
- 11.15 Spaugstofan
- 11.40 Laugardagskvöld með Gísla
- 12.25 Mósak
- 13.00 Alberto Giacometti
- 14.00 Flugsaga Íslands (3:4) Hér segir af því er almenningur átti þess í fyrsta skipti kost að kaupa sólarlandaferðir á viðráðanlegu verði. Hörð samkeppni á milli Flugfélag Íslands og Loftleiða í lok fimmta áratugarins og í upphafi þess sjötta, var áberandi. Mikill áhugi var á flugnámi og nokkur lítill flugfélög voru stofnuð. Einnig er einnig fjallað um flugrekstur Landhelgisgæslunnar.
- 14.35 Af fingrum fram
- 15.20 Hvað merkja draumarnir?
- 16.00 Líf og læknisfræði (6:6)
- 16.30 Maður er nefndur

- 17.00 Markaregn
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Kraftaverkastrákurinn (2:3)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Flugsaga Íslands (4:4) (4. þáttur: Potuöld gengur í garð) Þegar flugfélag Íslands fékk fyrstu þotuna árið 1967 urðu straumhvörf í flugi á Íslandi. Sameining Flugfélags Íslands og Loftleiða var fyrirferðarmikil í flugsögnum á 8. áratugnum og hafði gífurleg áhrif á mótun sögunnar. Í þættinum er einnig fjallað um hjálparflugið til Biafra, flugslysið á Sri Lanka og uppbyggingu Air Atlanta og annarra smærri flugfélaga.
- 20.40 Líf á nýjum slóðum (2:6)
- 21.30 Helgarsportíð
- 21.55 Casablanca. Bandarísk bíómynd frá 1942. Bandaríkjaáður hittir gamla kærustu sína í Marokkó í seinna stríði. Hún er gift en þau hyggjast stínga af saman. Myndin hlaut þrenn Óskarsverðlaun á sínum tíma. *Aðalhlutverk: Humphrey Bogart, Ingrid Bergman og Paul Henreid.*
- 23.35 Kastljósið
- 00.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 25. október

- 06.58 Ísland í bítið
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Í finu formi
- 09.35 Oprah Winfrey
- 10.20 Ísland í bítið
- 12.00 Neighbours
- 12.25 Í finu formi
- 12.40 Spin City (7:26)
- 13.00 Jonathan Creek (12:18)
- 13.50 Thieves (8:10)
- 14.45 Stuðmenn
- 15.10 Ved Stillebækken (17:26)
- 15.35 Andrea
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2
- 17.40 Neighbours
- 18.05 The Osbournes (7:10)
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
- 19.30 Greg the Bunny (6:13)
- 20.00 Brink! (Hjólaskautagengið) Andy Brink er algjör snillingur á hjólaskautum. Hann fær tilbod um að ganga til liðs við félag í þessari nýstárlegu íþrótt. Brink líkar ekki félagskapurinn en á úr vöndu að ráða því peningarnir koma fjölskyldu hans í góðar þarfir. *Aðalhlutverk: Erik von Detten, Sam Horrigan, Christina Vidal.*
- 21.40 U2 Live at Slane Castle. Bono, The Edge, Adam Clayton og Larry Mullen Jr. skipa U2, eina vinsalustu rokksekt í heimi. Á þessum tónleikum sýna strákarnir allar sínar bestu hliðar svo úr verður frábær skemmtun.
- 22.30 Ginger Snaps. (Ginger bilast) Hrollvekja. Systurnar Ginger og Brigitte hafa sjúklegan áhuga á dauðanum. Svo vill til að fyrsta kvöldið sem Ginger fer á blæðingar er einnig fullt tungl. Hvort sem það er tilviljun eða ekki fara undarlegir hlutir að gerast hjá Ginger í kjölfarið. Líkami hennar og skapferli taka líka breytingum, svo miklum að Brigitte er hætt að standa á sama. *Aðalhlutverk: Katharine Isabelle, Emily Perkins, Kris Lemche, Mimi Rogers.*
- 00.15 The Hand That Rocks the Cradle (Höndin sem vöggurinn ruggar) Lífið hefur ekki farið mjúkum höndum um Peyton Flanders og hún þarf á hjálp að halda. Í stað þess að leita sér aðstoðar ræður hún sig til starfa hjá Claire og Michael Bartel. Þar fellur Peyton vel í kramið og er treyst fyrir börnum hjónanna. Aðeins garðyrkjumaður þeirra hjóna sér að eitthvað er athugasvert við nýju húshjálpinu en hann má sín lítils. *Aðalhlutverk: Rebecca De Mornay, Annabella Sciorra, Matt McCoy.*
- 02.05 Butch and Sundance: The Early. (Butch and Sundance) Mynd á léttu nóttum um tvo félagasem láta sér ekki allt fyrir brjósti brenna. *Aðalhlutverk: Tom Berenger, William Katt, Jeff Corey.*
- 03.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
- 04.20 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 26. október

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 10.00 Tumi bjargar mánum
- 11.05 Kalli kanina
- 11.15 Friends I (16:24)
- 11.40 Bold and the Beautiful
- 13.35 60 mínútur
- 14.20 Allt af boltanum
- 14.45 Enski boltinn
- 17.10 Sjálfstætt fólk
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Lottó
- 19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður

Laugardagur 26. október

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 10.00 Tumi bjargar mánum
- 11.05 Kalli kanina
- 11.15 Friends I (16:24)
- 11.40 Bold and the Beautiful
- 13.35 60 mínútur
- 14.20 Allt af boltanum
- 14.45 Enski boltinn
- 17.10 Sjálfstætt fólk
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Lottó
- 19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður



Kókaínbaróninn Johnny Depp

Johnny Depp og Penélope Cruz leika aðalhlutverkin í kvikmyndinni Í nös, eða Blow sem Stöð 2 sýnir kl. 21:55 á laugardagskvöld. Hér er um að ræða sannsögulega kvikmynd um George Jung, kókaínbaróninn sem réð ríkjum á eiturfjamarkaðnum í Bandaríkjunum. Hann flutti til Kaliforníu og ætlaði sér stóra hluti en lenti í fangelsi. Þar kynntist hann mönnum sem fengu hann til að selja eiturf. Hann efnaðist gróarlega og lífið blasti svo sannarlega við honum.

19.30 The Osbournes (8:10) (Osbourne fjölskyldan) Subbulegur vinur Jacks flytur inn í herbergið hans án samþykkis Ozzy og Sharon en það er vandamál sem verður að leysa.

20.00 Spin City (10:22)

20.30 Spy Kids. (Litlir njósnarar) Lengi lifir í gömlum glæðum! Í eina tíð voru Gregorio og Ingrid njósnarar í fremstu röð. Síðar tóku barneignir og venjulegt heimilshald við og frekari áform um njósnir voru gefin upp á báttinn. Röð óvæntra atvika fær Gregorio og Ingrid til að taka upp fyrri iðju og nú slást börnin þeirra í hópin. *Aðalhlutverk: Antonio Banderas, Carla Gugino, Alan Cumming, Alexa Vega.*

21.55 Blow. (Í nös) Sannsöguleg kvikmynd um George Jung, kókaínbaróninn sem réð ferðinni á eiturfjamarkaðnum í Bandaríkjunum. Hann flutti til Kaliforníu og ætlaði sér stóra hluti en lenti í fangelsi. Þar kynntist George mönnum sem komu honum í eiturfjarsölu fyrir alvöru. Hann efnaðist gróarlega og lífið blasti svo sannarlega við honum. *Aðalhlutverk: Johnny Depp, Penélope Cruz, Franka Potente.*

23.55 No Looking Back. (Fram á veginn) Claudia lifir rölegu lífi í smábæ í Bandaríkjunum. Unnusti hennar vill gíftast henni en hún er á báðum átum. Hana dreymir um að yfirgefa krummaskuðina og leita á vit ævintýrana. Nú er að hrökkva eða stökkva! *Aðalhlutverk: Lauren Holly, Edward Burns, Jon Bon Jovi.*

01.30 Absence of the Good. (Illskan tekur völdin) Rannsóknarlögreglumáðurinn Caleb Barnes er á slóð fjöladamoröngja. Einkanlífi hans er í rjúkandi rúst. Átta ára sonur hans var myrtur og leit hans að fjöladamoröngingunum snýst ekki bara um að ljúka enn einu sakamálinu heldur gæti það bjargað sál hans. *Aðalhlutverk: Tyne Daly, Stephen Baldwin.*

03.05 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 27. október

- 18.00 Sportíð
- 18.30 Íþróttir um allan heim
- 19.30 Allt af boltanum
- 20.00 South Park 6 (3:17)
- 20.30 Harry Enfield's Brand Spankin
- 21.00 Game of Death. (Leikur dauðans) Hasarmynd. Billy Lo gerir það gott en hann er helsta stjarna bardagamyndanna. Ekki eru allir ánægðir með velgengi hans og setið er um líf hans. Eftir morðtilraun berast þær fregnir að Billy sé látinn. Fréttir af andláti hans reynast stórlegar ýktar því Billy er bara tímabundið í felum og ætlar sjálfur að koma fram hefundum á tilræðismönnum. *Aðalhlutverk: Bruce Lee, Chuck Norris, Gig Young, Kareem Abdul-Jabbar.*
- 22.45 Mr. Nice Guy. (Sómápitur) Þriggja stjörnu grín- og hasarmynd. Giancarlo er eiturfjabarón í Melbourne í Ástralíu. Fréttakonan Diana hefur náð að festa gælsamlegt athæfi hans á myndband. Birting þess mun koma Giancarlo á bak við lás og slá í eitt skipti fyrir öll. Á flotta undan Giancarlo rektst Diana á sjónvarpsklokkin Jackie sem þar með flækist í málið og er nú líka hundertur af blóðþyrstum fléppamönnum. *Aðalhlutverk: Jackie Chan, Richard Norton.*
- 00.10 Rescuing Desire. (Út úr skápmum) Athyglisverð kvikmynd þar sem samkynhneigð kemur við sögu. Toni er á ákveðnum krossgötum. Hún er að komast á miðjan aldur og uppgötvar þá nýjar tilfinningar. Fram til þessa hefur aldrei hvarflað að Toni að hún væri samkynhneigð en nú verður hún að takast á við þessar nýju tilfinningar og vinna út sínum málum. *Aðalhlutverk: Melinda Mullins, Tamara Tunie, Caitlin Dulany.*
- 02.05 Dagskrárlok og skjáleikur

Föstudagur 25. október

Sunnudagur 27. október

- 18.00 Sportíð
- 18.30 Íþróttir um allan heim
- 19.30 Allt af boltanum
- 20.00 South Park 6 (3:17)
- 20.30 Harry Enfield's Brand Spankin
- 21.00 Game of Death. (Leikur dauðans) Hasarmynd. Billy Lo gerir það gott en hann er helsta stjarna bardagamyndanna. Ekki eru allir ánægðir með velgengi hans og setið er um líf hans. Eftir morðtilraun berast þær fregnir að Billy sé látinn. Fréttir af andláti hans reynast stórlegar ýktar því Billy er bara tímabundið í felum og ætlar sjálfur að koma fram hefundum á tilræðismönnum. *Aðalhlutverk: Bruce Lee, Chuck Norris, Gig Young, Kareem Abdul-Jabbar.*
- 22.45 Mr. Nice Guy. (Sómápitur) Þriggja stjörnu grín- og hasarmynd. Giancarlo er eiturfjabarón í Melbourne í Ástralíu. Fréttakonan Diana hefur náð að festa gælsamlegt athæfi hans á myndband. Birting þess mun koma Giancarlo á bak við lás og slá í eitt skipti fyrir öll. Á flotta undan Giancarlo rektst Diana á sjónvarpsklokkin Jackie sem þar með flækist í málið og er nú líka hundertur af blóðþyrstum fléppamönnum. *Aðalhlutverk: Jackie Chan, Richard Norton.*
- 00.10 Rescuing Desire. (Út úr skápmum) Athyglisverð kvikmynd þar sem samkynhneigð kemur við sögu. Toni er á ákveðnum krossgötum. Hún er að komast á miðjan aldur og uppgötvar þá nýjar tilfinningar. Fram til þessa hefur aldrei hvarflað að Toni að hún væri samkynhneigð en nú verður hún að takast á við þessar nýju tilfinningar og vinna út sínum málum. *Aðalhlutverk: Melinda Mullins, Tamara Tunie, Caitlin Dulany.*
- 02.05 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 26. október

17.00 Toppleikir

18.50 Lottó

- 19.00 PSI Factor (6:22)
- 20.00 MAD TV
- 21.00 Opportunists, The. (Síðasti glæpurinn) Lengi lifir í gömlum glæðum! Victor sneri baki við glæpum og starfar nú sem bifvéla virki. Honum gengur illa að láta enda ná saman og það er freistandi að taka upp fyrri iðju. Frændi hans áformar að fremja hinn fullkomna glæp og vill fá Victor til liðs við sig. *Aðalhlutverk: Christopher Walken, Peter McDermott, Cyndi Lauper.*
- 22.30 Baise-moi. (Ríðu mér) Mest umtalaða kvikmynd síðari ára. Lífið hefur ekki farið mjúkum höndum um Manu og Nadine. Manu var beitt kynferðislegu ofbeldi í æsku og Nadine starfar sem vændiskona. Þær telja sig eiga óuppperðar sakir við heiminn og leggja upp í ferðalag þar sem allt snýst um ofbeldi og kynlíf. Atríði í myndinni kunna að vekja óhug. *Aðalhlutverk: Raïeïla Anderson, Karen Lancaume, Delphine MacCarty.*
- Stranglege bönnuð börnum.
- 23.45 Portrait of the Soul. (Spegill sálarinnar) Ertótísk kvikmynd.
- 01.20 Another Japan (4:12). Mynda-flokkur um klámmyndaiðnaðinn í Japan. Rætt er við leikara og framleiðendur í þessum vaxandi geira sem veltr milljörðum.
- 01.45 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 27. október

- 15.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik West Ham United og Everton.
- 18.00 NFL. Bein útsending.
- 21.00 Rejsheholdet (4:16)
- 22.00 Meistaradeild Evrópu. Farið er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spil-in fyrir þá næstu.
- 23.00 Kids. (Krakkar) Áhrifamikil og umdeild mynd sem fjallar um líf unglinga í dag í stórborg í Bandaríkjunum. Myndin gerist á einum sólarhving og fjallar um unglinga sem eiga við ýmis vandamál að etja, t.d. kynsjúkdómna, fíkniefni og foreldra. *Aðalhlutverk: Leo Fitzpatrick, Justin Pierce, Chloe Sevigny.*
- 00.30 Farewell My Concubine. (Farvel, frilla mín) Aðalsöguhetjurnar eru tveir karlsöngvarar í Peking-öperunni. Annar þeirra sérhæfir sig í kvenhlutverkum og hefur ætíð rennt hýru auga til félagas síns. Við fylgjumst með örlögum þeirra en þeir voru uppi á miklum umbrotatímum í heimalandi sínu. *Aðalhlutverk: Gong Li, Leslie Cheung, Chang Fengyi.*
- 03.05 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 27. október

- 17.30 Muzik.is
- 18.30 Poppunktur (e)
- 19.30 Jamie K. Experiment (e)
- 19.50 Heiti Potturrinn
- 20.30 Girlfriends. Gamanþáttur um fjórar vinkonur sem láta sér ekki allt fyr-



Trúbadorinn Gummi Hjalta

laugardagskvöld opið til kl. 3.00

ir brjosti brenna og neita alfarið að skrifa upp á að konur sér konum verstar.

20:55 Haukur í horni. Um er að ræða stutt innslög í anda "Fólk á förmum vegi" innslaga Jay Leno í umsjón Hauks Stigurðssonar. Haukur fer í bæinn og hittir fólk og spyr það spurninga um eitt og annað sem það á að vita svarið við en er kannski búinn að gleyma...

21:00 Charmed
22:00 Djúpa laugin.
23:00 Will & Grace (e) Hommavinirnir hugumstóru, Jack og Will elda enn grátt silfur saman með dyggri aðstoð Grace og Karen.

23:30 Malcolm in the middle (e) Þessir fráberu gamanþættir hafa hlotið verðskuldaða athygli víða um heim. Þættirnir fjalla um hinn ofurgáfaða Malcolm, bróður hans og foreldra sem geta ekki beinlínis kallast mannvitsbrekkur.

00:00 CSI (e)
00:50 Jay Leno (e)
01:40 Muzik.is

Laugardagur 26. október

12:30 Mótör (e)
13:00 Tvöfaldur Jay Leno (e)
14:45 Heiti Potturinn (e)
15:30 Spy TV (e)
16:00 Djúpa laugin (e)
17:00 Survivor 5 (e)
18:00 Fólk - með Sirry (e)

19:00 First Monday (e) Hinir frægu leikarar James Garner, Joe Mantegna og Charles Durning prýða þessa vönduðu þætti um vandasamt starf bandarískra hæstaréttardómara sem þurfa að kljást við helstu síðferðileg vandamál samtímans og eru orlagavaldar í lífum margra
20:00 Jamie Kennedy Experiment. Jamie Kennedy er uppistandari af guðs náð en hefur nú tekið til við að koma fólk í óvæntar aðstæður og fylgjast með viðbrögðum þeirra. Og allt að sjálfsgöðu tekið upp á falda myndavél.

20:30 Everybody Loves Raymond. Ray og Debra eru venjuleg hjón sem búa í úthverfi en það er líka það eina venjulega við þau. Foreldrar Ray og bróðir búa nefnilega á móti þeim og þar sem þau eru, þar er fjandinn laus.

21:00 Poppunktur
22:00 Law & Order CI (e) Í þessum þáttum er fylgst með störfum lögreglu-deildar í New York en einnig með glæpamönnum sem hún elttist við. Áhorfendur upplifa glæpin frá sjónarhorni þess sem fremur hann og síðan fylgjast þeir með refsakáinni sem hefst er lögreglan reynir að finna þá.

23:40 Law & Order SVU (e)
23:40 Tvöfaldur Jay Leno (e)
01:50 Muzik.is

Sunnudagur 27. október

12:30 Silfur Egils. Silfur Egils hefur fest sig í sessi sem mikils metinn vettvangur pólitískrar og málefnalegar umræðu og hefur frá upphafi verið einn umtalaðasti sjónvarpsþáttur landsins; skemmtilegur og óháður. Hann hefur nú göngu sína á ný, fjórða veturinn í röð og verður í vetur boðið upp á ýmsar nýjungar.

14:00 The Drew Carey Show (e)
14:30 The King of Queens (e)
15:00 Charmed (e)
16:00 Judging Amy (e)

17:00 Innlit/Útlit (e) Valgerði Matthíasdóttur til halds og traust verður sem fyrr Friðrik Weissshappel og nýr liðsmaður þáttarinn er Kormákur Geirharðsson, fyrrum stórkaupmaður í Herrafratavöslun Kormáks og Skjaldar. Eins og áður verður fjallað um hús og hífýli Íslendinga heima og erlendis, fasteignir, hönnun, arkitektúr, skipulagsmál og fleira.

SPORTIÐ Í BEINNI...

Sjónvarpið

Laugardagur 26. október kl. 13:25
Pýski boltinn: Leikur óákveðinn
Laugardagur 26. október kl. 15:50
Íslandsmótið í handbolta: Leikur óákveðinn

Sýn

Miðvikudagur 23. október kl. 18:30
Meistaradeild Evrópu: AC Milan - Bayern München
Miðvikudagur 23. október kl. 20:40
Meistaradeild Evrópu: Olympiakos - Manchester United
Sunnudagur 27. október kl. 15:45
Enski boltinn: West Ham - Everton
Sunnudagur 27. október kl. 18:00
NFL: Bein útsending - Leikur óákveðinn
Mánudagur 28. október kl. 19:50
Enski boltinn: Bolton - Sunderland

Stöð 2

Laugardagur 26. október kl. 14:45
Enski boltinn: Leikur óákveðinn

Canal+ Nordic

Laugardagur 26. október kl. 15:00
Enski boltinn: Liverpool - Tottenham
Sunnudagur 27. október kl. 13:00
Enski boltinn: Southampton - Fulham
Sunnudagur 27. október kl. 16:00
Enski boltinn: West Ham - Everton
Mánudagur 28. október kl. 20:00
Enski boltinn: Bolton - Sunderland

Canal + Zap

Laugardagur 26. október kl. 15:00
Enski boltinn: Aston Villa - Manchester United

Canal + Blau

Laugardagur 26. október kl. 18:30
Ítalski boltinn: Juventus - Udinese
Sunnudagur 26. október kl. 18:30
Ítalski boltinn: Lazio - Roma

18:00 Guinness world records (e)
19:00 Girlfriends (e)
19:30 Accordin to Jim (e) Heimilis-faðirinn Jim er mikill jaskur, sífandi og sendir frá sér þústra, eiginkonu hans, mági og mágkonu til mikils ama. Bakvið óheflað yfirborðið er Jim þó mesta gæðaskinn.
20:00 Spy TV. Umsjónarmenn SpyTV leiða venjulegt fólk í smellnar og óvæntar gildir, taka upp bráðfyndin viðbrögð þeirra og sýna okkur.
20:30 Will & Grace. Hommavinirnir hugumstóru, Jack og Will elda enn grátt silfur saman með dyggri aðstoð Grace.

21:00 The Practice. Margverðlaunað lagadrama framleitt af David E. Kelley sem fjallar um líf og störf verjendanna á stofunni Donnell, Young, Dole & Fruit og andstæðing þeirra saksóknarann Helen Gamble sem er jafn umfram um að koma skjólstæðingum verjendanna í fangelsi og þeim er að hindra það.
21:45 Silfur Egils (e)
23:15 Poppunktur (e) Poppunktur er Fjölbreyttur og skemmtilegur spurningaþáttur þar sem popparar landsins keppa í poppræðum. Umsjónarmenn þáttarinn eru þeir Felix og dr. Gunni.
00:00 Temptation Island (e)
00:45 Muzik.is

Hvað er að ske? Á helginni

24. Okt - 28. Okt.

Á HELGINNI AUKASÝNING

Those Where The Days
Með lífandi hljóði frá 1968 til 1978.

Nú hafa um 800 manns séð þessa fráberu sýningu. Allra síðustu sýningar, ekki missa af þeim.

laugardagskvöldið 26. október

BOÐIÐ VERÐUR UPP Á GÖBAN OG VANDABAN
FRICGJA RETTA KYÖLDVERIÐ UNDER STJÖRN
FORSTEINS ÞRÁINSSONAR MATREIÐSLUMEISTARA
MÍÐLA OG BOÐRAPANTANER Í SÍMA 456-3993 (PIZZA.ET)

Stjallinn

BMX

Dúndurböll á helginni

föstudags- og laugardagskvöld til 03 18 ár

Nýjasti smellur Adams Sanders hefur fengið frábæra aðsókn í USA.

Fimmtudag kl 9
Sunnudag kl 9
Mánudag kl 9

veðrið

Horfur á fimmtudag: Norðaustan 10-15 m/s og rigning eða slydda, en skýjað með köflum og þurr suðvestantil á landinu. Hiti 1-8 stig, mildast syðst.

Horfur á föstudag: Norðaustan 10-15 m/s og rigning eða slydda, en skýjað með köflum og þurr suðvestantil á landinu. Hiti 1-8 stig, mildast syðst.

Horfur á laugardag: Norðaustlægt átt og víð él. Heldur kólnandi veður.

Horfur á sunnudag: Norðaustlægt átt og víð él. Heldur kólnandi veður.

Horfur á mánudag: Norðaustlægt átt og víð él. Heldur kólnandi veður.

netið

Hver eru upphalds bókamarkin þín á Netinu?
Theodór Þór Theodórsson, rafeindafræðinemi á Ísafirði svarar:

„Ég fer nokkuð oft inn á **teamtalk world.com**, en þar er hægt að fá fréttir af fót-boltaköppum í veröld víðri. Svo fór ég oft á **tilveran.is** þegar mér leiddist, en mér leiddist yfirleitt ennþá meira eftir að hafa lesið þá síðu. Síðan skoða ég oft **murinn.is** og les þar pistla pólitískt réttþenkjandi manna. Svo er það að sjálfsgöðu **iso.is/bmx**, heimasíða ísfrisku ball-sveitarinnar BMX. Þú ert ekki maður með mönnum nema þú farir reglulega á þá síðu. Mér hefur alltaf þótt sérstaklega gaman að fylgjast það með því hver er umboðsmaður sveitarinnar hverju sinni, en það er yfirleitt búinn að skipta um umboðsmann í hvert skipti sem maður heim-sækir síðuna.“

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 - Ísafirði
Símar: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4547 - Netfang: tryggvi@snerpa.is
Heimasíða: www.bb.is/tg

Höfum kaupendur að einbýlishúsi með bílskúr

Einbýlishús:
Hlíðarvegur 42: 183,2 m² raðhús á þremur hæðum, með sér íbúð í kjallara. **Tilboð óskast**
Smiðjugata 11a: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. Húsið allt nýmálað að utan. **Verð 6,1 m.kr.**
Úrdarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 13,5 m.kr.**
4-6 herbergja íbúðir:
Smiðjugata 7: 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 6,4 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:
Silfurgata 11: 74,1 m² 3ja herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýli. Íbúðin að mestu uppgerð. **Tilboð óskast**
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólf-flötur, mikið rými í risi). Björt og glæsileg íbúð með fráberu útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. **Verð 4,5 m.kr.**
2ja herbergja íbúðir:
Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð á 2.h. íbúðin er öll ný og vel einangruð

Verð 5,8 m.kr.
Aðalstræti 24: 62 m² íbúð á 2. h. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Verð 4,9 m.kr.**
Brunngata 12a: 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð. **Verð 4,5 m.kr.**
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri h. í tvíbýlishúsi. **Verð 4 m.kr.**
Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýli. Húsið ásamt sér geymslu. **Tilboð óskast**
Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. **Verð 3 m.kr.**
Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarh. aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. Laus strax. **Verð 6,3 m.kr.**
Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi

tvöfalda bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr.
Tilboð óskast
Sundstræti 22: 68 m² 2ja-3ja herb. íbúð á jarðhæð í fjórþýlishúsi **Verð 4 m.kr.**
Túngata 3: 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt rislofti **Verð 4,5 m.kr.**
Atvinnuhúsnæði:
Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Húsið er nýtt, vel útbúið atvinnuhúsnæði á góðum stað. **Verð 25 m.kr.**
Suðureyri:
Aðalgata 2: 136 m² 6 herbergja sér íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð 6,2 m.kr.**
Aðalgata 2: 124,2 m² neðri hæð í tvíbýlishúsi, fyrrverandi pósthús með öllum tilheyrandi innréttingum **Verð 6 m.kr.**
Hjallavegur 16: 144,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum, uppgerð að hluta, neðri hæð óuppgerð. **Verð 3 m.kr.**
Bolungarvík:
Stigahlíð 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast**
Vitastígur 19: 73,1 m² 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16 m² bílgeymslu. **Tilboð óskast**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar **www.bb.is/tg**

Kómedíu-leikhúsið

Muggur

1. sýning sun. 27. okt. kl. 21
2. sýning mið. 30. okt. kl. 21
Sýnt í Hömrum Ísafirði

Miðaverð: 1.500.-
Miðapantaniir í síma: 456 5636 og 891 7025



Eignarnám húseigna við Dísarland og Traðarland í Bolungarvík vegna snjóflóðamannvirkja

Ofanflóðasjóður hvetur til að láta reyna á málið fyrir dómstólum

Enn er óvissa um framvindu eignarnáms á húsum við Dísarland og Traðarland í Bolungarvík, sem hverfa munu undir fyrirhugaðan snjóflóðavarnargarð ofan byggðarinnar. Þó virðist nú allt benda til þess, að málið fari fyrir dómstóla.

Fyrir liggur yfirlýsing frá Ofanflóðasjóði, að sjóðurinn „mun styrkja Bolungarvíkurkaupstað til að taka eignarnámi þær húseignir við Dísarland og Traðarland sem víkja þurfa vegna snjóflóðavarna og ekki næst samkomulag við eigendur um kaupverð. Í því tilviki mun kostnaðarþátttaka Ofanflóðasjóðs miðast við ákvarðaðar eignarnámsbætur, þ.e. 90% eignarnámsbóta“, eins og segir í bréfi ráðuneytisstjóra Umhverfisráðuneytisins frá því í fyrrasumar. Hins vegar er og hefur verið ágreiningur um grundvöll verðmiðunar til að ákvarða upphæð eignarnámsbótanna.

Á sínum tíma voru þeir Gunnar Torfason verkfræðingur og Tryggvi Guðmundsson lögmaður fengnir til að meta staðgreiðslumarkaðsverð eignanna. Þar sem húseigendur sættu sig ekki við það mat var málinu skotið til Matsnefndar eignarnámsbóta, sem í júní síðastliðnum kvað upp úrskurð um mun hærri bætur til eignarnámsþola.

Ofanflóðasjóður hefur í framhaldi af því mælt með því við Bolungarvíkurkaupstað, að hann „sem eignarnemi uni ekki úrskurði Matsnefndar eignarnámsbóta og láti reyna á málið fyrir dómstólum“. Lögmaður Bolungarvíkurkaupstaðar fór þess í haust á leit við Matsnefnd eignarnámsbóta, að hún tæki málið upp á ný, þar sem gallar hefðu verið á málsmeðferðinni. Matsnefndin hafnaði þeirri beiðni og úrskurðaði að málinu væri lokið af sinni hálfu.

Alls er um sjö hús að ræða, sem hverfa þurfa vegna væntanlegra snjóflóðavarna. Þegar hefur verið samið við eigendur þriggja þeirra um bætur á grundvelli mats þeirra Gunnars og Tryggva. Fari svo, að eigendur hinna húsanna fái hærri bætur samkvæmt úr-



Bolungarvík.

skurði eða dómi, þá liggur fyrir, að eigendur sem nú þegar hefur verið samið við fái einnig bætur í samræmi við þá niðurstöðu. Auk framangreindra húsa er enn óvissa um hugsanleg uppkauptá fleiri húseignum, á meðan ekki liggur nákvæmlega fyrir hvernig væntanleg varnarmannvirki verða hönnuð.

Í stöðunni eru nú tveir kostir, annars vegar að una úrskurði Matsnefndar eignarnámsbóta og hins vegar að vísa málinu til dómstóla. Ofanflóðasjóður virðist hafa ótvíræða heimild til að binda

áðurnefnda yfirlýsingu um 90% þátttöku í eignarnámsbótum því skilyrði, að svo langt verði farið með málið í réttarkerfinu sem sjóðurinn óskar. Enda þótt sjóðurinn hafi sjálfur ekki málskotsvald í þessu efni, þá getur hann sett þrýsting á Bolungarvíkurkaupstað að skjóta málinu til dómstóla, með því að neita að öðrum kosti taka þátt í greiðslu bótanna að hluta eða að öllu leyti. Geri Bolungarvíkurkaupstaður það ekki er hætt við því, að bótafjárhæðir sem þá kunna að leggjast á bæjarsjóð verði hærri en svo

ad sveitarfélagið standi undir þeim. Þar gæti orðið um nokkra tugi milljóna króna að ræða sem féllu á bæjarsjóð.

Mál þetta var rætt á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur í síðustu viku og lögð fram til kynningar ýmis bréfaskeipti milli lögmanna aðila og Matsnefndar eignarnámsbóta. Lögmanni bæjarsjóðs var fyrir nokkru falið að kanna réttarstöðu Bolungarvíkurkaupstaðar gagnvart Ofanflóðasjóði og er mál það í vinnslu um þessar mundir. Þar sem álit lögmansins liggur ekki enn fyrir var engin ákvörðun

Ljósmynd: Jón Þorgeir Einarsson.

um framhaldið tekin á fundi bæjarráðs né á fundi bæjarsjórnar sl. fimmtudag.

Fari mál þetta fyrir dómstóla mun það hafa fordæmisgildi í öðrum byggðarlögum þar sem svipaðar aðstæður eru eða kunna að koma upp. Þegar af þeirri ástæðu er líklegt, að þrýstingur verði lagður á Bolungarvíkurkaupstað að vísa málinu til dómstóla. Reyndar hefur slíkur þrýstingur þegar komið fram af hálfu Ofanflóðasjóðs í formi áðurnefndra tilmæla um að Bolungarvíkurkaupstaður „láti reyna á málið fyrir dómstólum“.

Safnahúsið sveipað bleiku ljósi

Um leið og skyggja tók á föstudagskvöld var Safnahúsið á Ísafirði (Gamla sjúkrahúsið) sveipað bleiku ljósi. Var þetta gert að undirlagi krabbameinsfélagsins Sigurvegar sem vill með þessu vekja fólk til umhugsunar um brjóstakrabbamein, en nú stendur yfir mánuður sem tileinkaður er baráttunni gegn þessum vágesti. Gamla sjúkrahúsið verður bleikt meðan dagsbirtu nýtur ekki út þessa viku. Þá má geta þess að Sigurvegarmenn hyggjast fara í grunnskóla og framhaldsskóla á svæðinu og ræða um afleiðingar reykinga.



Stuttar af bh.is

Róstursamt í Bolungarvík

Lögreglan í Bolungarvík lagði um fyrri helgi hald á töflu sem 16 ára unglingur var með í fórum sínum og talið var að væri e-tafla. Þetta kvöld var lögreglan með sérstakt eftirlit í tengslum við dansleik nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði, sem fram fór í Bolungarvík. Ein líkamsárás var tilkynnt þessa nótt. Þrír menn á aldrinum 24 til 26 ára voru vistaðir í fangageymslum vegna ölvunar og óspekta á götum bæjarins eftir að dansleikjum lauk.

Listasafnið kaupir verk

Listasafn Ísafjarðar hefur fest kaup á málverki eftir Guðbjörgu Lind Jónsdóttur og öðru eftir Söru Vilbergsdóttur. Þetta var gert í samræmi við ákvörðun stjórnar safnsins á fundi hennar í vor, þegar forstöðumanni var falið að hafa samband við þessar ísfirsku listakonur og semja um kaup á verkum eftir þær. Kaupverð hvors málverks um sig er 300 þúsund krónur.

Skíðheimar í skoðun

Íþrótt- og æskulýðsnefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að Skíðheimar, gamli skíðaskálinn á Seljalandsdal, verði tekinn út úr rekstri skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar. Þetta er í samræmi við óskir forstöðumanns skíðasvæðis og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Í framhaldi af þessu hefur bæjarráð Ísafjarðarbæjar falið bæjarsjórn að ræða um framtíð Skíðheima við fulltrúa Héraðssambands Vestfirðinga.

Meistari í Ólsen Ólsen

Aðalbjörg Sigurjónsdóttir varð Vestfjarðameistari í Ólsen Ólsen eftir harða keppni. Meistaramótið í þessari íþrótt var haldið í Gamla Apótekinu á Ísafirði í síðustu viku.